



EMBÆTTI UMBOÐSMANNS BARNA

10 ÁRA
1995 – 2005

E F N I S Y F I R L I T

Til forsætisráðherra	2
Kafli 1 Umboðsmaður barna í 10 ár	3
Kafli 2 Fræðsla, kynning og útgáfa	15
Kafli 3 Fjölskyldan í samfélaginu	23
Kafli 4 Skólamál	29
Kafli 5 Barnavernd	41
Kafli 6 Heilbrigðismál	49
Kafli 7 Tómstundir, menning, fjölmiðlar, auglýsingar og markaðssetning	59
Kafli 8 Öryggismál og atvinnuþátttaka	73
Kafli 9 Barnasáttmálinn, 12. gr.	77
Kafli 10 Umsagnir til Alþingis	88
Lokaorð umboðsmanns barna	91




UMBOÐSMAÐUR BARNA

Til forsætisráðherra

Skýrslu þá, sem hér fylgir, hef ég látið taka saman um störf mín á árinu 2004, sbr. 8. gr. laga um umboðsmann barna, nr. 83/1994, en þar segir að umboðsmaður barna skuli árlega gefa forsætisráðherra skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári.

Skýrslan er með nokkuð öðru sniði en skýrslur mínar undanfarin ár, þar sem ég hef nú valið að stikla á stóru um störf mín á umliðnum tíu árum, auk þess sem árinu 2004 eru gerð sérstök skil. Þau tímamót, að tíu ár eru senn liðin frá því að embættið tók til starfa og að ég, sem fyrsti umboðsmaður barna, er í þann veginn að láta af störfum, gefa tilefni til að litið sé yfir farinn veg og lýst í stuttu máli nokkrum þeim málum, er unnið hefur verið að. Tekið skal fram að þessi skýrsla er á engan hátt tæmandi, heldur vísa ég til fyrri ársskýrslna minna að því er varðar þau mál sem til umfjöllunar voru á árunum 1995-2003.

Reykjavík, í desembermánuði 2004



Þórhildur Líndal



Kaflí 1
Umboðsmaður barna í 10 ár



Skrifstofan og starfsfólkið:

Embætti umboðsmanns barna var stofnað með lögum nr. 83/1994 og hóf starfsemi sína lögum samkvæmt 1. janúar 1995. Frá þeim áramótum voru tekin á leigu tvö skrifstofuherbergi á 5. hæð hússins nr. 6 við Hverfisgötu í Reykjavík þar sem embættið var til húsa til síðla árs 1997. Þá var skrifstofan flutt í annað rýmra leiguhúsnæði að Laugavegi 13, 2. hæð, í Reykjavík og er þar enn.

Skrifstofan var formlega opnuð hinn 22. mars 1995 með blaðamannafundi í húsakynnum embættisins og þar kynnti ég fyrst á opinberum vettvangi hlutverk og starfssvið mitt, sem umboðsmaður barna, en ég var skipuð til að vera fyrsti umboðsmaður barna af forseta Íslands að tillögu forsætisráðherra frá 1. janúar 1995 til ársloka 1999. Síðan var ég endurskipuð af forsætisráðherra til næstu fimm ára, þ.e. frá 1. janúar 2000 til 31. desember 2004.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna ræður umboðsmaður sjálfur starfsmenn embættisins. Eftirtaldir starfsmenn hafa starfað í sex mánuði eða lengur á skrifstofunni á liðnum tíu árum:

- Ragnheiður Harðardóttir félagsfræðingur vann sem sérfræðingur hjá embættinu 1995-1999
- Valgerður Gunnarsdóttir vann sem ritari á skrifstofunni 1996-1997
- Björg Jakobsdóttir vann sem fulltrúi og síðar sem skrifstofustjóri embættisins 1997-2003
- Marta Bergman félagsráðgjafi vann sem sérfræðingur hjá embættinu frá árinu 1999 og fram á mitt ár 2000
- Róbert Ragnarsson stjórnfræðingur starfaði við embættið sem verkefnisstjóri frá nóvember 2002 til maí 2003.


Núverandi starfsmenn eru:

- Ásta Sólveig Andrésdóttir lögfræðingur hefur starfað hjá embættinu sem sérfræðingur frá ársbyrjun 2000 og
- Auður Kristín Árnadóttir, sagnfræðingur MA, fulltrúi við embættið frá ársbyrjun 2004.

Í nefndri 7. gr. laga nr. 83/1994 segir einnig að umboðsmanni barna sé heimilt að ráða sérfræðinga til að vinna að einstökum verkefnum. Þessa heimild hef ég margoft nýtt á liðnum tíu árum og jafnt fengið til liðs við mig konur og karla, sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum. Nánar er hægt að kynna sér þetta í skýrslum mínum til forsætisráðherra árin 1995-2003 sem hægt er að fá á skrifstofunni en einnig er þær flestar að finna á heimasíðunni www.barn.is.


Fjárveitingin:

Á meðfylgjandi mynd má sjá yfirlit yfir fjárheimildir embættis umboðsmanns barna árin 1995-2004:



Munnleg erindi:

Eftir mikla aukningu símaerinda ár frá ári, allt frá stofnun embættisins og fram til ársins 1998, hefur í seinni tíð komist ákveðið jafnvægi á fjölda erindanna, eins og meðfylgjandi mynd ber með sér:





Tilvitnanir í börn

Hæ, það er ekkert tekið mark á okkur! Það sem við segjum, það fer inn um annað og út um hitt. Ha? hvað sagðirðu aftur? Svo er líka skólinn of langur og svo mikið að gera. Það er sagt að æskan sé áhyggjulaust tímabil. Bull. **12 ára stelpa**

Mér þykir mjög jákvætt að það sé til umboðsmaður barna... you go girl! :) **15 ára stelpa**

Við erum ánægð með hvað við getum gert margt, t.d. verið heima með mömmu og pabba, spilað á hljóðfæri, æft íþróttir og gengið í skóla. Þetta eru mörg réttindi. Það eru ekki allir svona heppnir. Svo eigum við gæludýr. **8 ára börn**

Má fullorðið fólk skamma mann ef maður gerir eitthvað óvart? **9 ára stúlka**

Frá upphafi hef ég lagt áherslu á að öll símaerindi sem berast embættinu séu skráð á sérstök eyðublöð og efnisflokkuð. Þar eð engar formkröfur eru gerðar til erindanna, hvort sem um er að ræða munnleg eða skrifleg erindi, hef ég talið þessa skráningu nauðsynlega. Þær upplýsingar, sem á þennan hátt hefur verið safnað á tíu ára tímabili, gefa síðan ákveðna vísbendingu um hvar skórin kreppir í málefnum barna og hafa þessar upplýsingar nýst mér vel í starfi mínu í gegnum tíðina.

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er öllum heimilt að leita til embættisins með erindi sín, en í 4. gr. laganna er mælt fyrir um skyldu umboðsmanns til að leiðbeina þeim, er til embættisins leita, um leiðir sem færar eru innan stjórnvísu og hjá dómstólum. Umboðsmanni barna er hins vegar ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga. Stærstur hluti þeirra erinda er berast embættinu símleiðis varða þó einstaklingsmál og má segja að afgangur þeirra sé nú í nokkuð föstum skorðum. Kappkostað er að veita þeim, sem leita til skrifstofunnar með sín mál, eins greinargóðar upplýsingar, leiðbeiningar og ráð og unnt er.

Ég hef alltaf lagt mikla áherslu á að ná til barna og unglinga til að heyra þeirra hlið á málunum, beint og milliliðalaust. Mér til mikillar ánægju hefur erindum frá börnum til embættisins fjölgað mikið á umliðnum árum og tel ég það hafa verið ákaflega mikilvægt fyrir mig, sem umboðsmann þeirra, og starf mitt í þeirra þágu. Þegar börnin hafa leitað til mín, hvort sem er skriflega eða munnlega, hef ég reynt af fremsta megni að aðstoða þau og leiðbeina um hin ýmsu mál, jafnvel þótt umboðsmanni barna sé ekki ætlað að fjalla um einstaklingsbundin erindi. Þessi erindi leiða stundum til þess að þau koma á skrifstofu mína og spjalla við mig. Börnin sem hringja í mig eða koma í heimsókn geta rætt við mig og starfsmenn mína í fullum trúnaði.

Þrjú málaflokkar hafa ávallt skorið sig úr hvað varðar fjölda símaerinda. Það hafa á hverju ári verið fjölskyldumál ýmiss konar, barnaverndar- og heilbrigðismál og menntunar- og skólamál. Jafnvel þótt framangreindir flokkar hafi jafnan verið mest áberandi, eru erindin sem embættinu berast ákaflega fjölbreytt og má segja að þau varði allt á milli himins og jarðar. Nánar er hægt að kynna sér þessi mál í eldri ársskýrslum mínum, þar sem einnig er að finna nánari upplýsingar um efni erindanna.

Konur voru framan af í mjög miklum meirihluta þeirra sem höfðu samband við embættið símleiðis en þetta hefur verið að breytast í seinni tíð og símaerindum frá körlum fjölga ár frá ári. Öll árin hafa erindi verið langflest frá suðvesturhorni landsins, þ.e. frá höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi. Næst þar á eftir hefur Norðurland eystra verið, en þaðan hafa flest erindin verið af Akureyrarsvæðinu. Þéttbýlissvæði landsins hafa því verið áberandi hvað þetta varðar, en að öðru leyti hafa erindin dreifst nokkuð jafnt yfir landið.

Skrifleg erindi:

Skriflegum erindum, er borist hafa skrifstofunni, hefur fjölgað mikið eins og sjá má á þessari mynd:



Sú þróun hefur átt sér stað á síðustu árum að skriflegu erindunum hefur fjölgað á kostnað þeirra er berast símleiðis. Þetta má að nokkru leyti rekja til mikillar fjölgunar erinda er berast með tölvupósti, sem og aukinnar vitundar almennings, barna og fullorðinna, um embættið og starfshætti þess.


Ég hef lagt höfuðáherslu á að svara öllum erindum er berast skrifstofunni svo fljótt sem auðið er. Einkum hefur verið um að ræða ábendingar og fyrirspurnir frá almenningi, fullorðnum sem börnum, en einnig hafa stjórnvöld og Alþingi óskað eftir umsögnum mínum um ýmis mál. Þá hafa borist erindi erlendis frá.

Eins og að framan greinir er umboðsmanni barna ekki ætlað að fjalla um



einstaklingsbundin erindi og er þeim flestum lokið með upplýsingum um mögulegar leiðir til úrlausnar. Mörg slík erindi hafa þó haft almenna skírskotun og hafa því leitt til frekari afskipta minna.

Erindi frá börnum hafa alltaf verið skoðuð sérstaklega og hef ég reynt af fremsta megni að leysa úr þeirra málum, sbr. það sem segir hér að framan. Myndin hér að neðan sýnir aukningu skriflegra erinda frá börnum, sem hafa borist embættinu.



Þá gríðarlegu aukningu sem orðið hefur á skriflegum erindum frá börnum á þessu ári, má að mestu rekja til öflugrar kynningar á heimasíðunni www.barn.is, sem ráðist var í snemma á árinu. Ýtarleg umfjöllun um heimasíðuna og kynningu á henni er að finna í kafla 2.

Ég hef alla tíð lagt sérstaka áherslu á að svara börnum og unglingum fljótt og að svörin séu ítarleg og vel unnin. Eins og

gefur að skilja hefur sú aukning á erindum frá börnum, sem orðið hefur á árinu, tekið upp mikinn tíma starfsfólks, en þrátt fyrir það er megináherslan enn sú að börnin fái fullnægjandi svör við spurningum sínum og þá aðstoð sem þau þurfa á að halda.

Erindi barnanna berast flest með tölvupósti, ýmist á netfang embættisins, ub@barn.is eða í gegnum *Spurt og svarað* á heimasíðunni. Þegar erindi berst undir seinni liðnum geta börnin ráðið því hvort svar við því birtist á heimasíðunni www.barn.is eða hvort viðkomandi fái sent persónulegt svar á netfang sitt. Ekki er farið fram á að börnin gefi upp nafn eða aðrar persónulegar upplýsingar um sig. Í svörum reyni ég að veita ítarlegar leiðbeiningar og skýringar og iðulega býð ég þeim að hafa samband við mig símleiðis ef þau vilja ræða málin frekar, allt í fyllsta trúnaði. Svör við spurningum frá börnum er hægt að lesa á heimasíðunni, undir liðnum *Spurt og svarað*.

Viðbrögð við heimasíðunni og þeim upplýsingum og svörum sem þar birtast hafa verið góð. Þetta bréf barst t.d. í lok ársins:

Mér finnst þessi síða æðisleg ... Mér finnst frábært hvað hún hefur mikil áhrif á fólk og það er ótrúlega lærdómsríkt að geta lesið spurningar annarra unglunga, því að þar fær maður yfirleitt öll svörin við spurningunum sem maður sjálfur er að hugsa ... Einnig getur maður nánast fræðst um allt sem við kemur réttindum og lögum barna og unglunga sem er mjög gott því mér finnst réttur barna og unglunga oft vanmetinn hjá eldra fólki. Takk kærlega fyrir frábæra síðu :)

Samskiptin:

Allt frá stofnun embættis umboðsmanns barna hef ég átt mikil og góð samskipti við ýmsa aðila sem vinna að hagsmuna- og velferðarmálum barna og unglunga, jafnt innanlands sem utan. Ég hef lagt mikla áherslu á að umboðsmaður barna, sem sjálfstæður og óháður embættismaður, hlusti eftir skoðunum sem flestra er vinna að málefnum barna og unglunga á ýmsum sviðum.

Frá upphafi hafa samskiptin við hin ýmsu ráðuneyti og starfsfólk þeirra verið mikil og sama má segja um fjöldann allan af stofnunum á vegum hins opinbera, sem og mörg frjáls félagasamtök og einstaklinga. Of langt mál yrði að telja upp alla þá aðila sem ég hef átt góð samskipti við í gegnum tíðina, en sem dæmi má nefna: Barnaheill, Rauða kross Íslands, Geðhjálp, Foreldrahúsið, Samfés, Heimili og skóla, Regnbogabörn, Samfok, Félag framhaldsskólanema, Umhyggju, Saman-hópin, Alþjóðahús, Árvekni, Miðstöð heilsuverndar barna, ÍTR, Stuðla, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Þjóðkirkjuna, Háskóla Íslands, fjölmarga leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, og svo mætti lengi telja. Að ótöldum öllum þeim fjölmörgu börnum og unglingum, er hafa komið að starfsemi embættisins með einum eða öðrum hætti á umliðnum 10 árum. Samskiptin við börnin hafa óneitanlega sett sitt mark á starfsemi embættisins og hafa gefið starfi mínu, sem umboðsmaður þeirra, aukið gildi. Því hef ég frá upphafi lagt sérstaka áherslu á að hafa mikil og góð samskipti við umbjóðendur mína til að geta miðlað til þeirra upplýsingum um réttindi þeirra og skyldur, en ekki síður til

Er æska landsins ekki mikilvægari en einhverjir flugvellir og svoleiðis? Það er nógu mikið gert fyrir byggingar, aldraða o.fl. en það vantar meira fyrir börnin.

Unglingum er misboðið að því leyti að þeir sem þroskast fljótt þurfa að setta sig við reglur sem settar eru fyrir meðalunglinginn og þeir sem eru seinþroska fá að gera ýmsa hluti of snemma sem að hvorki þeir né aðrir hafa gott af. **15 ára strákur**

Mér finnst að það ætti að leyfa 12 ára krökkum að vera lengur úti en 10 ára krökkum. **Stelpa í 7. bekk**

Mér finnst þetta bara fínt eins og þetta er og mig langar ekki til að breyta neinu. **Strákur**

Það ætti að láta alla skóla fá meiri leiktæki og hafa frítt í strætó fyrir 18 ára og yngri og búa til klúbb handa krökkum 18 ára og yngri.

Strákur

Mér finnst að stjórnsmála-
menn hugsí bara um það
sem þeim finnst mikilvægt
og hugsí ekki um að það
eiga margir bágt í þessum
heimi. ... Ég á samt ekkert
bágt, ég er í stuði.

Stelpan

Ef mamma manns og pabbi
myndu deyjja, myndir þú
þá sjá um börnin og finna
heimili handa þeim?

12 ára stelpan

að fá fram skoðanir þeirra á hinum ýmsu málum er til meðferðar hafa verið við embættið. Ýtarlegar upplýsingar um þessi mál er að finna í kafla 9.

Fundahöld einkenna starf umboðsmanns barna, en ég hef talið nauðsynlegt að fylgjast vel með því sem er að gerast á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins og tel að öðruvísi hefði ég ekki getað gætt hagsmuna umbjóðenda minna eins og vera ber. Á umliðnum árum hef ég átt marga gagnlega fundi með aðilum sem koma að málefnum barna frá ýmsum hliðum, hvort sem er hér á skrifstofu minni eða hjá viðkomandi.

Auk einstakra funda hef ég staðið fyrir nokkrum fundahrinum um einstök efni þar sem ég hef boðað ýmsa aðila á fundi til að ræða ákveðin málefni. Sem dæmi um slíkar fundahrinur má nefna að á árinu 1997 boðaði ég fjölda aðila á minn fund til að ræða um einelti og hvaða leiðir væru færar til að vinna gegn því. Þá vildi ég einnig kanna hvort ríkjandi væri sameiginlegur skilningur á merkingu hugtaksins einelti, hversu algengan og alvarlegan menn teldu vandann vera og hvort grundvöllur væri fyrir samstarfi embættisins við einn eða fleiri af þeim aðilum sem til voru kallaðir. Árið 2002 hélt ég fundi með ýmsum aðilum til að fregna af viðbrögðum og aðgerðum þeirra í kjölfar NetÞings – unglingsþings umboðsmanns barna og kynningar minnar á niðurstöðum þingsins í lok ársins 2001. Á árinu 2003 stóð ég síðan fyrir tveimur fundaherferðum, annars vegar um heimilisofbeldi og hins vegar um skilorðseftirlit með ungum afbrotamönnum. Tilgangurinn var í báðum tilfellum fyrst og fremst sá að ræða stöðu þessara mála við sérfræðinga, hvaða úrræði væru í boði og hvort þörf væri úrbóta. Þá hitti ég fyrr á þessu ári nokkra sérfræðinga til að ræða um stöðu fátækra barna á Íslandi í dag og hvaða leiðir væru færar til að aðstoða þessi börn og fjölskyldur þeirra. Flestar þessar fundahrinur hafa leitt til frekari aðgerða af minni hálfu og þá iðulega í samstarfi við einhverja þeirra sem fundina hafa sótt.

Ég hef sjálf staðið fyrir ýmsum samstarfsverkefnum á þessum tíu árum og jafnframt hafa ýmsir óskað eftir samstarfi við mig. Eftirfarandi eru tvö dæmi um sérlega vel heppnuð verkefni:

Morgunverðarfundir

Á haustdögum árið 2002 bauð ég fulltrúum nokkurra frjálsra félagasamtaka, sem vinna að málefnum barna, á morgunverðarfundum undir yfirskriftinni Má bjóða þér tíu? Tilgangur fundanna var fyrst og fremst að fregna af stöðu mála hjá einstökum samtökum og ræða málefni barna á breiðum grundvelli.

Haldnir voru níu morgunverðarfundir með forsvarsmönnum eftirtalinnna félagasamtaka og stofnana: Umhyggju, Samfés, Heimilis og skóla, Samfoks, Geðhjálp, Fjölskylduþjónusta kirkjunnar, Regnbogabarna, Rauðakrosshússins og Barnaheilla.

Margt bar á góma á fundunum, en **samverustundir foreldra og barna** voru flestum ofarlega í huga. Í ljósi þess var ákveðið að útbúa auglýsingu þar sem foreldrar, börn og unglingar eru hvattir til að gefa hvert öðru bestu jólagjöfina, **samverustundir**. Auglýsingin birtist í Morgunblaðinu á aðfangadag jóla árið 2002.

Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna

Hinn 5. nóvember 2004 stóð embætti mitt, í samstarfi við Háskóla Íslands, fyrir málþinginu „Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna“. Á málþinginu voru flutt 50 fræðileg erindi sem öll fjölluðu, á einn eða annan hátt, um stöðu og hagi barna og unglinga á Íslandi. Þau byggðu á nýlegum rannsóknum, rannsóknum sem enn standa yfir og reifaðar voru hugmyndir að æskilegum rannsóknum.

Í mínum huga var þetta ákaflega stór og merkilegur dagur. Ekki síst fyrir þá sök að tekist hafði að leiða saman fagfólk og vísindamenn af ólíkum fag- og fræðasviðum til að skiptast á upplýsingum og staðreyndum um börn og unglinga, og ræða niðurstöður vísindalegra rannsókna á eins breiðum grunni og raun bar vitni. Von mín er sú að þetta hafi einungis verið upphafið að enn víðtækari samræðu milli enn fleiri fræðasviða og fagstétta innan háskólasamfélagsins – til hagsbóta fyrir börnin okkar. Þessi samræða innan háskólasamfélagsins – þótt mikilvæg sé – dugar þó ekki ein og sér, heldur þarf að fræða og upplýsa almenning um stöðu og hagi barna þessa lands, í ljósi rannsókna. Víðtæk, opinská og almenn umræða í þjóðfélaginu öllu ætti að stuðla að því að niðurstöður vísindalegra rannsókna fái meira vægi við töku ákvarðana sem varða réttindi og hagsmuni barna og unglinga, ekki hvað síst við



Fundur með menntamálaráðherra árið 2004

Á fundinum ræddum við m.a. þessi mál:

- Lýðræði í grunnskólum
- Rannsókn á streitu í lífi grunnskólabarna
- Aðbúnaður í grunnskólum
- Skólinn vinnustaður barnanna
- Sérkennsla
- Skólaakstur
- Vetrarfrí í grunnskólum
- Skólamáltíðir
- Tilkynningarskylda til barnaverndarnefnda
- Einelti
- Málefni heyrnarlausra barna
- Langveik börn í grunnskólum
- Vanlíðan drengja
- Markaðssetning innan grunnskólanna
- Börn hælsleitenda
- Löng viðvera barna í leikskólum
- Brottfall nemenda úr framhaldsskólum
- Klám og ofbeldi í fjölmiðlum
- Tölvuleikir
- Barnamenning
- Endurskoðun æskulýðslaga
- Lenging skólaársins



Tveir fundir með landlækni árin 2000 og 2004

Á fundunum ræddum við m.a. þessi mál:

- Geðheilbrigðismál barna og unglunga
- Heimilisofbeldi gegn börnum
- Samræmd skráning slysa á börnum
- Ritalin-notkun barna/lyfjanotkun barna í grunnskóla og skólaheilsugæsla
- Framheilasködduð börn
- Trúnaður heilbrigðisstarfsfólks við börn
- Skráning og merking nýbura
- Notkun og sala fæðubótarefna til ungs íþróttafólks
- Húðflúr og götun
- Aðbúnaður og næring grunnskólubarna
- Kynlífsfræðsla – fóstureyðingar ungra stúlkna
- Tannvernd barna
- Heilsa blaðburðarbarna
- Miðlægar gagnagrunnur á heilbrigðisviði

setningu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Viðhorf og sjónarmið barna og unglunga skipta hér og miklu máli. Ég vænti þess að með þessu málþingi hafi augu valdamanna opnast fyrir mikilvægi vísindalegra rannsókna við opinbera stefnumótun í málefnum barna og unglunga og enn fremur hve nauðsynlegt er að vinna að þessum málaflokki á þverfaglegan hátt og ekki síður þverpólitískan. Því velferð barna og unglunga er hagur **okkar allra** – sem byggjum þetta land – í nútíð og framtíð.

Að loknu málþinginu birtist grein um undirbúning þess og framkvæmd eftir Björn Þorsteinsson, stundakennara í heimspeki og verkefnisstjóra á skrifstofu rektors, í Háskólafréttum, fréttabréfi Háskóla Íslands, 2. tbl. 26. árg. nóvember 2004. Greinin er svohljóðandi:

Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna – vel heppnað málþing um börn og unglunga

„Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna“ var yfirskrift málþings sem haldið var á vegum rektors HÍ og umboðsmanns barna föstudaginn 5. nóvember. Þingið var haldið í aðalbyggingu HÍ og Lögbergi. Markmiðið með því var að gefa eins góða mynd og kostur væri af þeim fjölbreyttu og margslungnu rannsóknum á lífi og tilveru barna og unglunga sem stundaðar eru í vísinda- og fræðasamfélagi nútímans á Íslandi.

Óskað eftir tillögum

Undirbúningur og kynning ráðstefnunnar hófst í vor. Gefið var út almennt „útboð“ þar sem lýst var eftir tillögum að erindum. Skemmst er frá því að segja að viðbrögðin voru gríðarlega góð. Í haust var síðan skipuð sérfræðinganefnd sem fór yfir þær tillögur sem bárust, flokkaði þær og mótaði dagskrá þingsins. Í sérfræðinganefndinni sátu Dagný Kristjánsdóttir prófessor, Erla Kolbrún Svavarsdóttir dósent, Rannveig Traustadóttir prófessor og Þórhallur Örn Guðlaugsson lektor.

Gríðargóð þátttaka

Undirbúnings- og kynningarstarfið bar svo ávöxt föstudaginn 5. nóvember þegar þingið hófst í troðfullum Hátíðarsal Háskóla Íslands. Páll Skúlason rektor og Þórhildur Línal,

umboðsmaður barna, fluttu ávörp og síðan tóku við fjögur lykilerindi. Stefán Ólafsson prófessor fjallaði um mikilvægi velferðarstefnu fyrir börn og unglunga. Þórarinn Sveinsson dósent greindi frá rannsókn á lífsstíl 9 ára og 15 ára íslenskra barna og unglunga. Dagný Kristjánsdóttir prófessor fjallaði um barnamenningu með sérstakri áherslu á barnabókmenntir og Geir Gunnlaugsson, barnalæknir og forstöðumaður Miðstöðvar heilsuverndar barna, ræddi um heimilisofbeldi gagnvart börnum út frá gömlum hugmyndum og nýjum rannsóknum og lýsti leiðum sem beita má til að koma í veg fyrir þessa meinsemd.

Níu málstofur

Að lykilerindum loknum tóku við níu samhlíða málstofur þar sem hinar fjölbreytilegustu rannsóknir á málefnum barna og unglunga voru kynntar í samtals 45 málstofuerindum. Ekki er tóm til að gera grein fyrir þeirri miklu rannsóknafloðu hér, heldur verður að nægja að telja upp yfirskriftir málstofanna: Börn, menning og markaður, Börn og ungmenni í skólum, Börn og menntakerfið, Æskan – áhættuþættir og forvarnir, Heilsufar, líðan og lífsstíll, Fjölskyldan, uppeldi og umönnun barna, Nám og þroski barna, Nútímafjölskyldan, og að lokum Þjónusta Barnaspítala Hringins við börn og fjölskyldur þeirra. Málstofurnar stóðu í rúmlega tvær klukkustundir og að þeim loknum var þátttakendum boðið upp á hressingu í anddyri aðalbyggingar þar sem Pétur Gunnarsson rithöfundur steig á stökk og flutti stutta hugvekju um æskuna. Sagði þar meðal annars frá auðkýfingnum Titó sem greiddi offjár fyrir farseðil út í geiminn árið 2001. Aðspurður við heimkomuna greindi hann frá því að hápunktur ferðarinnar hefði verið sú stund þegar hann fékk að ræða við börn sín í síma.

Væntanlegt á bók

Mikil og almenn ánægja ríkti meðal ráðstefnugesta og þótti þingið takast í alla staði vel. Að lokum má geta þess að í ráði er að erindin á málþinginu komi út á bók á vegum umboðsmanns barna. Verður bókin án nokkurs vafa verðugur minnisvarði og gjöful fróðleiksnáma um þá miklu grósku í rannsóknum á lífi og tilveru barna og unglunga sem málþingið bar vitni um.

Fundur með heilbrigðisráðherra árið 2002

Á fundinum ræddum við m.a. þessi mál:

- Geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglunga
- Stefnumörkun og framkvæmdaáætlun í málefnum geðsjúkra barna (samstarfsráð) og langveikra barna almennt
- Málefni barna og unglunga með vímuefnavanda, hegðunar- og geðraskanir, sem dvelja á sérhæfðum meðferðarheimilum
- Getnaðarvarnir og fóstureyðingar ungra stúlkna
- Ákvæði Heilbrigðisáætlunar til ársins 2010, sem varða börn
- Tannlæknaþjónusta við börn
- Heimilisofbeldi
- Prófessorsstaða í barnageðlækningum við Háskóla Íslands
- Almennatryggingalöggjöfin
- Aðbúnaður í skólastofum
- Ritalin-notkun barna



Ég hef átt góð samskipti við fjölmiðla á þessum tíma, sem ég hef gegnt embætti umboðsmanns barna. Þessi samskipti hef ég frá upphafi talið mjög mikilvæg fyrir embættið, enda nauðsynlegt að vekja athygli á málefnum barna á opinberum vettvangi. Ég hef birt greinar í ýmsum blöðum og tímaritum og jafnframt hafa blaðamenn tekið við mig viðtöl. Þá hef ég mætt í viðtöl í útvarpi og sjónvarpi og fréttamenn hafa komið að máli við mig á skrifstofu minni.

Að lokum vil ég einnig nefna erlend samskipti, en þau hafa aukist mikið á síðustu árum. Nokkuð mikið er um að fyrirspurnir berist erlendis frá um hin ýmsu málefni, er tengjast börnum, og stöðu þeirra hér á landi. Ég hef lagt áherslu á að slíkum erindum sé svarað sem fyrst, ýmist með því að veita umbeðnar upplýsingar eða með því að vísa á aðra.

Frá árinu 1995 höfum við, umboðsmenn barna á Norðurlöndum, haldið fundi árlega, þar sem við komum saman til að bera saman bækur okkar og ræða málefni barna og unglinga á Norðurlöndum. Ég tel fundi þessa hafa verið mjög gagnlega, enda starf umboðsmanns barna þess eðlis, að hann verður að vinna sitt starf að mestu utan við og óháð öðrum stofnunum samfélagsins. Það er því mikils um vert, að hafa getað með þessum hætti haft samráð við „kollega“ sem vinna við sömu, eða svipaðar kringumstæður. Aðstæður á Norðurlöndunum eru nokkuð líkar og hef ég lagt mig fram um að nýta þessa fundi vel til að safna hugmyndum í sarpinn og miðla um leið upplýsingum um það starf sem unnið hefur verið að við embætti mitt. Fundir umboðsmanna barna á Norðurlöndum hafa verið haldnir hér á landi í tvígang, þ.e. árin 1998 og 2002.

Árið 1997 komu umboðsmenn barna í tíu löndum Evrópu saman í Noregi og stofnuðu ENOC (European Network of Ombudsmen for Children). Meginmarkmið samtakanna hefur frá upphafi verið að bæta líf allra barna í Evrópu. Haldnir eru fundir árlega, þar sem málefni barna og unglinga eru rædd frá ýmsum hliðum. Nú, árið 2004, eru samtökin enn að stækka og eru aðilar að þeim orðnir 29.

Á hverju ári hefur borist fjöldinn allur af tilboðum um að sækja fundi og ráðstefnur erlendis, en því miður hefur ekki reynst unnt að sinna þessum þætti starfsins nema að mjög takmörkuðu leyti, af ýmsum ástæðum.



Kafla 2 Fræðsla, kynning og útgáfa

http://www.barn.is

Heimasíða embættis umboðsmanns barna, www.barn.is, var opnuð formlega 11. febrúar 1998 af nemanda í grunnskóla Njarðvíkur. Frá upphafi hefur meginmarkmið heimasíðunnar verið að koma á beinu og milliliðalaus sambandi milli mín og skjólstæðinga minna, barna og unglunga yngri en 18 ára.

Gagngerar breytingar voru gerðar á heimasíðunni árið 2000 og miðuðu þær fyrst og fremst að því að auka aðgengi barna og unglunga, sem og annarra, að upplýsingum um embættið og réttindi barna almennt. Til að koma betur til móts við umboðendur mína ákvað ég að ráðast í enn frekari breytingar árið 2002 og lauk þeirri vinnu á árinu 2003. Útliti heimasíðunnar var breytt nokkuð og ýmislegt nýtt efni sett þar inn. Af þessu tilefni var farið í viðtæka kynningu á heimasíðunni meðal barna og fullorðinna í upphafi árs 2004.

Kynning 2004

Í febrúar 2004 ákvað ég að ráðast í kynningu á heimasíðunni, www.barn.is. Í upphafi sendi ég bréf til allra grunnskóla í Reykjavík og nokkurra grunnskóla úti á landi. Tilgangur bréfsins var fyrst og fremst sá að kynna heimasíðuna fyrir tölvukennurum skólanna og óska eftir samstarfi við þá um að kynna heimasíðuna www.barn.is fyrir grunnskólanemendum. Lagði ég sérstaka áherslu á að nemendurnir yrðu hvattir til að svara *Spurningu mánaðarins* og *Skóðanakönnuninni* á síðunni. Viðbrögð kennara við bréfinu voru ágæt og barst fjöldi erinda og fyrirspurna frá börnum og unglungum í kjölfarið. Þá voru þau dugleg að svara *Spurningu mánaðarins* og taka þátt í *skoðanakönnuninni*. Í ljósi þessa áhuga lét ég setja saman *vefleiðangur* um síðuna, sem ég sendi tölvukennurum og bauð þeim að nota að vild, í heild eða að hluta. Nemendurnir lýstu margir hverjir yfir ánægju sinni með efni síðunnar og töldu þeir gagnlegt að læra um réttindi barna og skyldur, sem og hlutverk umboðsmanns barna.

Heimasíðan var ekki eingöngu kynnt innan veggja skólanna heldur fór einnig fram kynning á henni í fjölmiðlum. Í janúar og febrúar var fjallað um síðuna í barnaþættinum *Vitanum*, *Útvarpi Samfés* og *Samfélaginu* í nærmynd í Ríkisútvarpinu, *At-inu* í Ríkissjónvarpinu, sem og í viðtalsþáttum á *Skjá einum* og á *Bylgjunni*. Þá var heimasíðan auglýst á www.mbl.is í febrúarmánuði, sem gaf góða raun.



Kynningin tókst í alla staði vel og fjölgaði heimsóknunum á síðuna margfalt, sem og þeim erindum og fyrirspurnum sem embættinu bárust. Sérstaklega tel ég ánægjulegt, hversu erindum frá börnum hefur fjölgað gífurlega. Ég hef frá upphafi talið það mitt helsta verkefni, sem umboðsmaður barna, að hlusta á börnin og heyra skoðanir þeirra á hinum ýmsu málefnum og koma sjónarmiðum þeirra á framfæri á opinberum vettvangi.

Á heimasíðunni er m.a. að finna:

Spurt og svarað

Fyrst ber að nefna *Spurt og svarað* þar sem börnum er gefinn kostur á að spyrja umboðsmann um hvaðeina sem á þeim brennur. Erindi barnanna eru flokkuð og birt á síðunni ásamt svári, að fengnu leyfi frá þeim. Dæmi um nokkra þessara flokka eru: *einelti*, *skólinn*, *fjölskyldan*, *heilsa og líðan*, *kynlíf og sambönd*, *vinir og ofbeldi*. Þau



sem það vilja, geta óskað eftir persónulegu svari á netfang sitt. Þessi bréfaskeipti eru öll í trúnaði og þurfa börnin ekki að gefa upp nafn nema þau vilji það sjálf. Í kjölfar framangreindrar kynningar á heimasíðunni barst mér fjöldi fyrirspurna frá börnum og má segja að embættið hafi með þessu eignast marga „unga vini“ sem leita til þess með ýmis mál.

Spurning mánaðarins

Undir liðnum *Spurning mánaðarins* spyr ég spurninga er snúa að börnunum og varða ýmislegt sem þau eru að fást við í sínu daglega lífi. Mjög góð viðbrögð við *Spurningu mánaðarins* gerðu það að verkum að hægt var að vinna ágætari samantektir úr svörum á árinu 2004. Fyrir á árinu var t.d. spurt: *Finnst þér stjórnmalamenn taka nógu mikið tillit til barna og unglinga á Íslandi og hvað eiga stjórnmalamenn að*



gera fyrir börn og unglinga? Í fréttatilkynningu til fjölmiðla, alþingismanna og nokkurra ráðuneyta í byrjun mars voru niðurstöðurnar birtar. Þar sem nokkuð hefur borið á rógburði og einelti á Netinu spurði ég næst um mannsiði á Netinu. Spurningin var svohljóðandi: *Hvaða mannsiðir eiga að gilda á MSN og spjallrásum Netsins? Svörin voru m.a. höfð til hliðsjónar við gerð veggspjalds um samskiptareglur á Netinu (sjá kafla 7). Í apríl var spurt um prófkviða: *Finnur þú fyrir prófkviða? Hvernig lýsir prófkviði sér? Færðu aðstoð til að takast á við kvíðann?* Niðurstöðurnar voru m.a. kynntar Félagi starfs- og námsráðgjafa.*

Vegvísir

Vegvísir er ætlað að leiðbeina börnum og unglingum um hvert best sé að leita eftir aðstoð með ýmsar spurningar eða vandamál sem þau kunna að hafa reynslu af. Á árinu var *Vegvísirinn* endurbættur með nýjum undirsíðum, m.a um einelti, heimilisofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, sálræn vandamál og geðsjúkdóma.

Skoðanakönnun

Á forsíðu heimasíðunnar er skoðanakönnun þar sem ég leita álits umbjóðenda minna á málefnum líðandi stundar. Skipt er um skoðanakönnun mánaðarlega. Á árinu hef ég m.a. spurt um tölvunotkun, þekkingu barna og unglinga á Barnasáttmálanum, kosningaaldur, kynferðislegan lögdur og samverustundir fjölskyldunnar, svo fátt eitt sé nefnt. Ágæt þátttaka hefur verið í þessum skoðanakönnunum og birtast niðurstöður þeirra á fréttasíðu ásamt frekari upplýsingum, m.a. um fjölda þátttakenda í hverri könnun fyrir sig.

Umsagnir, fyrirlestrar og greinar

Á árinu 2004 voru umsagnir mínar til Alþingis, sem og margir fyrirlestrar er ég hef flutt opinberlega, auk nokkurra blaða- og tímaritsgreina, sett inn á heimasíðuna.

Ýmislegt

Þá má finna á heimasíðunni ýmsar almennar upplýsingar um embættið og störf mín sem umboðsmaður barna síðastliðin tíu ár. Birtar eru helstu fréttir, yfirlit yfir lög og reglur er snerta börn á einn eða annan hátt og tengingar við ýmsar áhugaverðar

Tilvitnanir í börn

Mér finnst sniðugt að þið spyrjið okkur hvað okkur finnst.

12 ára stelpa

Þessi síða [www.barn.is] er bara fin. Það er gott fyrir krakka að geta lesið um réttindi sín og svona.

14 ára stelpa

Þessi síða finnst mér mjög athyglisverð og sniðug. Krakkar geta skrifað tilfinningar sínar niður á lykklaborðið og létt á sér. Manni líður miklu betur ef maður segir frá.

12 ára stelpa

Þessi síða er mjög spennandi. Ef eitthvað kemur uppá hjá mér þá veit ég af þessari síðu!!!! bæ bæ bæ

14 ára strákur

Fín síða og gangi ykkur vel með hana!!!!

13 ára strákur

En annars er það gott það sem þú ert að gera fyrir alla þessa krakka sem skrifa þér.

14 ára stelpa

ub@barn.is

slóðir, bæði innlendar og erlendar. Hugmyndir að skemmtilegum útileikjum eru einnig á síðunni og þar má nálgast upplýsingar um alla útgáfu á vegum embættisins frá upphafi. Það efni sem gefið hefur verið út er unnt að panta gegn vægu gjaldi, en flestar skýrslurnar er jafnframt hægt að nálgast á heimasíðunni endurgjaldslaust. Þá var *Litla lögbókin – lögbók barnanna*, sem er yfirlit yfir helstu lagaákvæði er varða réttindi og skyldur barna, gefin út á Netinu þar sem hún er aðgengileg börnum jafnt sem fullorðnum. Upplýsingar um embættið á ensku og dönsku er einnig að finna á heimasíðunni.



Útgáfa umboðsmanns barna 1995-2004



Skýrslur umboðsmanns barna til forsætisráðherra. 1995-2003



Heimilisofbeldi gegn börnum. 2004



Ráðgjafarþekkir. Streita í lífi grunn-skól barna. 2003



Friðhelgi einkalífs. Réttur barna til friðhelgi einkalífs og trúnaðar af hálfu opinberra starfsmanna. 2003



Skundum á Þingvöll ... málþing um börn, unglinga og lýðræði. 2003



Ráðgjafarþekkir. Aðbúnaður í skólanum og að skóladegi loknum. 2003




Netþing. Unglingaþing umboðsmanns barna. 2001



Netþing. Unglingaþing umboðsmanns barna. 2000



Einelti kemur öllum við. Skýrsla um ráðstefnuna: Börn vilja ræða um einelti við fullorðna. 1999



Ungir hafa orðið. Erindi flutt á málþingum umboðsmanns barna. 1998



Mannabörn eru merkileg – staðreyndir um börn og unglinga. 1998



Heggur sá er hlífa skyldi. Skýrsla um kynferðisbrot gegn börnum. 1997

Útgáfa umboðsmanns barna 1995-2004




Meira sólskin – fleiri pizzur. Viðhorf unglunga í vinnuskólum. 1997



Að mega lýsa og koma á framfæri skoðunum sínum við fullorðna. Niðurstöður könnunar á starfsháttum nemendaráða grunnskóla. 1996



Ofbeldi í sjónvarpi. Úttekt á framboði ofbeldisefnis í íslensku sjónvarpi. 1996



Litla lögbókin – lögbók barnanna. Gefin út á Netinu.




Veggspjald. Þú getur líka lent í Netinu! 2004



Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna. Bæklingur til kynningar á málþingi umboðsmanns barna og háskólarektors. 2004




Veggspjald í tilefni af málþinginu Skundum á Þingvöllum ... 2003



Veggspjald til kynningar á embætti umboðsmanns barna. 2002



Þau sem erfa munu landið ... Bæklingur um 12. gr. Barnasáttmálans. 2002



Mappa í tilefni af 10 ára afmæli Barnasáttmálans. 1999



Hvað er til ráða? Bæklingur um áhrif ofbeldis í sjónvarpi á börn. 1998




Bæklingur til kynningar á embætti umboðsmanns barna fyrir börn. 1997



Póstkort. Vatnslitamyndin „Vorboði“, máluð fyrir umboðsmann barna. 1997



Bæklingur til kynningar á embætti umboðsmanns barna fyrir fullorðna. 1995



Kaflí 3 Fjölskyldan í samfélaginu



Umhengni – dæmi um erindi

Forsjárlaust foreldri sinnir ekki umhengni við barn sitt. Forsjárforeldri tálmar umhengni barns og forsjárlaus foreldris. Hver er réttur afa og ömmu til umhengni við barnabarn sitt? Hver er réttur stjúpforeldris til umhengni við barn eftir skilnað? Umhengni undir eftirliti barnaverndarnefndar. Kostnaður við umhengni milli landshluta eða landa, hver á að greiða hann? Kvartað undan tregðu sýslumanna við að úrskurða um umhengni barns við forsjárlaust foreldri sem býr erlendis. Umhengni þegar forsjá er sameiginleg. Kvartað undan seinagangi við meðferð umhengnismála hjá sýslumannsembættunum og dómsmálaráðuneytinu. Úrræði barnalaga um beitingu dagsekta vegna tálmana forsjárforeldris á umhengni barns við forsjárlaust foreldri. Spurt er um rétt systkina til umhengni hvert við annað. Samskipti barns við forsjárlaust foreldri í síma og með bréfum, ef samneyti getur einhverra hluta vegna ekki orðið. Nauðsyn á talsmanni barns í erfiðum umhengnismálum. Börn telja ekki hlustað á þeirra skoðanir þegar umhengni er ákveðin. Umhengni fanga við börn sín. Spurt er ráða varðandi viðbrögð við því þegar barn neitar að fara í umhengni við forsjárlaust foreldri.

Erindi í tengslum við erfiðleika barna og unglunga vegna skilnaðar eða sambúðarslita foreldra hafa öll þau ár, sem ég hef gegnt embætti umboðsmanns barna, verið ákaflega fyrirferðarmikil. Fjöldmörg erindanna, bæði frá fullorðnum og börnum, varða vandamál er koma upp í tengslum við umhengni barns við það foreldri sitt, sem það býr ekki hjá, eftir skilnað eða sambúðarslit. Börn hafa augljósa þörf fyrir að geta rætt við einhvern sem þau geta treyst þegar miklir erfiðleikar steðja að fjölskyldulífinu. Skilnaður eða sambúðarslit foreldra er óneitanlega erfið lífsreynsla fyrir langflest börn. Börn og unglingar þurfa oft og iðulega að spyrja ýmissa spurninga sem koma upp í huga þeirra þegar skilnaður foreldra er í auglýsni, sem og eftir að skilnaðurinn er um garð genginn, en því miður fá mörg þeirra ekki næga athygli foreldra sinna, sérstaklega ekki þegar deilur þeirra í milli eru harðskeyttar.

Í ljósi þeirra fjölmörgu erinda og fyrirspurna er mér hafa borist allt frá árinu 1995, hef ég ítrekað bent á nauðsyn þess að komið verði á fót **ráðgjöf** fyrir fólk sem á við erfiðleika að etja í sambúð, hyggst sækja um skilnað eða á í deilum vegna umhengnismála. Ég hef margsinnis hvatt til þess að sett verði á stofn **opinber, þverfagleg fjölskylduráðgjöf** sem fengi það hlutverk að aðstoða foreldra. Það hefur einnig verið mín afdráttarlaus skoðun að slíka ráðgjöf ætti að veita þeim **börnum** sem hlut eiga að máli. Ég hef lagt til að hjónum eða sambúðarfólki, með börn yngri en 18 ára á framfæri sínu, verði gert **skytt** að leita slíkrar ráðgjafar áður en til skilnaðar eða sambúðarslita getur komið. Þegar miklir erfiðleikar steðja að fjölskyldunni hafa börn ekki síður þörf fyrir að ræða við einhvern sem þau geta treyst. Ég tel það nauðsynlegt og sjálfsagt að rætt sé við börnin strax í upphafi til að hægt sé að komast að því hvað sé þeim raunverulega **fyrir bestu**, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans.

Tilgangur slíkrar ráðgjafar yrði, að mínu mati, fyrst og fremst sá að hafa **fyrirbyggjandi áhrif**. Að grípa inn í aðstæður, áður en barnið hlýtur skaða af. Með því að ræða við alla fjölskylduna í upphafi má án vafa draga úr þeim áhrifum sem erfiðar forsjár- og umhengnisdeilur hafa á börn.

Með lögum nr. 18/2001 var þágildandi barnalögum breytt á þann veg að ákvæði um sérfræðiráðgjöf var bætt inn í lögin. Ákvæði um slíka ráðgjöf er nú að finna í 33. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Þar segir m.a. *að sýslumaður skuli bjóða aðilum forsjár-, umhengnis- og dagsektarmála sérfræðiráðgjöf til að aðstoða þá við að finna lausn máls með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu. Þá segir að sá sem veiti ráðgjöfina geti rætt við barn, sem mál varðar, telji hann það þjóna hagsmunum þess, enda séu forsjárforeldrar því samþykkir.*

Ráðgjöfin sem fjallað er um í 33. gr. laganna er vissulega skref í rétta átt, en sú breyting frá eldri lögum að láta rétt barns til tjáningar í þessum málum ráðast af vilja foreldra tel ég vera **í andstöðu við Barnasáttmálann**, einkum 12. gr. hans. Ég tel að barn eigi sjálfstæðan rétt til að tjá sig í málum sem þessum, óski það þess, en slíkt

Tilvitnanir í börn

Má maður ekki gista heima hjá kærastanum sínum þegar maður er orðinn 16 ára?
16 ára stelpa

Ef foreldrar mínir reka mig að heiman eða „bjóða“ mér það get ég krafist þess að fá einhverja fjárhagsaðstoð frá þeim?
15 ára stúlka

Mér finnst að foreldrar ættu að hugsa tilbaka og spyrja sjálfa sig „hvernig var ég“?
15 ára stelpa

Mega foreldrar lesa tölvupóst barna sinna eða afrita það sem barnið hefur skrifað t.d. á spjallsíðum Netsins eða MSN, án vitundar barnsins?
14 ára strákur

Eftir að foreldrar mínir skildu förum við systkinin til pabba aðra hverja helgi. Er ekkert sem segir að við eigum að hafa herbergi til að vera í hjá honum?
15 ára stelpa

Hæ hæ hvað má ég vera gömul til að ráða því hvort ég búi hjá mömmu minni eða pabba, er á 15. ári.
14 ára stelpa

Getur barn óskað eftir að fá aðra forráðamenn en foreldra sína? Hver fær þá forræði yfir barninu?
17 ára stelpa



eigi ekki að vera háð vilja foreldra. Skoðun barns, t.d. á því hvar það vill búa í nánustu framtíð, skiptir það máli, svo ekki sé fastar að orði kveðið, og til þess að komast að lögmætri niðurstöðu um það hvað tilteknu barni er fyrir bestu hlýtur að þurfa að fá fram sjónarmið þess í málinu. Annars er hætta á að ráðgjöfin missi marks og hafi ekki þau fyrirbyggjandi áhrif sem æskilegt er að hún hafi.

Á árinu 2004 leituðu til mín tveir laganemar frá Háskóla Íslands og óskuðu eftir samstarfi við embætti mitt vegna umsóknar um styrk úr **Nýsköpunarsjóði námsmanna**. Styrkur fékkst til verkefnis sem ber yfirskriftina: **Það sem barninu er fyrir bestu – með hliðsjón af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**.

Í ljósi þess fjölda ábendinga er mér hafa borist í gegnum tíðina varðandi vandamál, sem koma upp í tengslum við umgengni barns við það foreldri sitt sem það býr ekki hjá, taldi ég tilvalið að laganemarnir ynnu að verkefni um umgengnisrétt og hvernig sjónarmið barnanna komast að þegar verið er að úrskurða í slíkum málum, samkvæmt 4. mgr. 71. gr., sbr. 43. gr. barnalaga, nr. 76/2003.

Markmið verkefnisins var fyrst og fremst að kanna hvernig ákvæði 1. mgr. 47. gr. barnalaga er framfylgt af hálfu sýslumanna, athuga hvaða vægi skoðanir barnsins hafa í raun, sbr. 12. gr. Barnasáttmálans, og hvernig staðið er að hinu sjálfstæða og einstaklingsbundna mati sem 3. gr. Barnasáttmálans felur í sér, þ.e. að kanna hvort hún sé í heiðri höfð við töku ákvarðana í slíkum deilumálum. Það að rétt sé staðið að þessum málum skiptir gríðarlega miklu máli og þær ákvarðanir sem teknar eru skipta sköpum í lífi barns. Lagt var upp með að niðurstöður verkefnisins gætu falið í sér hugmyndir að breyttum starfsháttum sýslumannsembættanna í

umgengnismálum, t.d. með setningu verklagsreglna af hálfu dómsmálaráðuneytisins og/eða útgáfu upplýsingabæklinga.

Ítarlegir spurningalistar voru sendir til allra sýslumannsembætta landsins og bárust svör frá 19 embættum af alls 26. Nokkrum erfiðleikum var bundið að fá heildarsýn yfir framkvæmd umgengnismála hjá sýslumönnum af könnun þessari, m.a. af þeirri ástæðu að ekki fengust nægilega greinargóð svör frá öllum embættum. Þrátt fyrir þetta verður að telja að megindrættir á framkvæmd þessara mála hafi komið í ljós. Niðurstöður sýna að ýmislegt er gott, en betur má ef duga skal. Í skýrslunni, sem skrifuð var í framhaldi af því, var löggjöf Norðurlanda á þessu sviði skoðuð, sem og hin íslenska löggjöf. Unnið var úr svörum sýslumannsembættanna og dregin upp mynd af framkvæmd umgengnismála hér á landi í þessu sambandi. Í lokaorðum skýrslunnar segir m.a.:

Afar mikilvægt er að einstaklingsbundið mat fari fram í hverju umgengnismáli hjá sýslumanni og að hagsmunir barns séu hafðir í fyrirúmi við alla ákvarðanatöku. Framkvæmd umgengnismála er grundvallaratriði og getur skipt sköpum í lífi barns. Nauðsynlegt er að börn geti nýtt sér þau mannréttindi sem Barnasáttmálinn mælir fyrir um og þau verða að geta treyst því að yfirvöld virði rétt þeirra í öllum málum, þ. á m. réttinn til að tjá sig og að ekki sé aðeins um lagalegt sýndarfrelsi til tjáningar að ræða í því sambandi. Í umgengnismálum er sýslumaður að ráðstafa framtíð barns og því mikilvægt að það hafi eitthvað um það að segja, en það er ein af grundvallarreglum Barnasáttmálans.


Helstu niðurstöður og tillögur til breytinga eru settar fram í lok skýrslunnar. Þær eru þessar:

- Ræða þarf við börn og fá fram afstöðu þeirra í mun fleiri tilvikum en nú er gert. Ekki er nægilegt að ræða aðeins við börnin þegar úrskurðað er í umgengnismáli, heldur eiga þau rétt á að tjá sig í öllum málum, þ. á m. þegar sýslumaður staðfestir samning foreldra um umgengni. Þá þarf að ræða oftast við yngri börn og varast að miða við ákveðinn aldur.
- Þegar samningar eru staðfestir af sýslumanni þarf að kanna í ríkari mæli hverju sinni hvort samningur samræmist hagsmunum barns, núverandi framkvæmd samræmist Barnasáttmálanum ekki fyllilega.




- Breyta þarf þeirri framkvæmd að afstaða foreldra ráði því í mörgum tilvikum hvort rætt er við barn eða ekki. Meta ætti þroska barns sjálfstætt í hverju einstöku tilviki.
- Til bóta gæti verið að gefa út leiðbeiningar fyrir sýslumenn til að hafa til viðmiðunar við ákvörðun um hvort ræða skuli við barn og hvernig viðtal skuli fara fram. Þetta gæti auðveldað framkvæmdina, sem og tryggt betur rétt barna til að tjá sig.
- Koma mætti á ákveðnu fyrirkomulagi um hvor skuli taka viðtal við barn, fulltrúi sýslumanns eða sérfræðingur. Til dæmis mætti hugsa sér að sýslumannsfulltrúi ræði við eldri börn en sérfræðingur við þau yngri og hann sjái jafnframt um erfiðari mál.
- Í ábendingum sýslumannanna kom fram að sá galli væri á, varðandi sérfræðiráðgjöfina, að sýslumanni væri ekki veittur aðgangur að gögnum tengdum henni. Lagabreyting sem veitti sýslumanni slíkan aðgang væri til mikilla bóta, kæmi í veg fyrir tvíverknað og sparaði tíma.
- Gagnlegt væri ef úrskurðir dómsmálaráðuneytisins um umgengni væru birtir og hafðir aðgengilegir, t.d. á veraldarvefnum. Slíkt væri tvímælaust af hinu góða og til leiðbeiningar fyrir þá sem starfa að málum er varða umgengni.
- Æðri stjórnvöld þyrftu að taka afgreiðslutíma umgengnismála til skoðunar með það fyrir augum að stytta hann. Að sama skapi þyrfti að bæta úr töfum sem verða á afgreiðslu máls vegna umsagna frá barnaverndarnefndum.
- Tvímælaust væri til mikilla bóta að réttur barna til tjáningar um mál sín væri almenningi, og þar á meðal börnunum sjálfum, betur kunnur. Því væri ekki úr vegi að gefinn yrði út t.d. upplýsingabæklingur, þar sem þessi réttur barna væri kynntur. Mikilvægt er að foreldrar, og ekki síst börnin sjálf, geri sér grein fyrir þeim réttindum sem börnin hafa samkvæmt barnalögum og Barnasáttmálanum.

Skýrsluna og niðurstöður hennar mun ég í lok ársins kynna fyrir dómsmálaráðherra og öllum sýslumönnum landsins.



Kaflí 4 Skólamáí



Einelti

- Fjöldi ábendinga frá börnum og fullorðnum
- Hvatning til rannsókna
- Skilgreining
- Ráðstefna
- Skýrslan **Einelti kemur öllum við**
- Veggsjald um einelti á Netinu

Lýðræðispáttaka í grunnskólum

- Nemendaráð í grunnskólum
- Könnun á starfsemi nemendaráða grunnskóla 1996
- Fulltrúar nemenda öðlist rétt til setu á fundum skólaneftdar sveitarfélagsins, með málfrelsi og tillögurétt
- Málþing um börn, unglinga og lýðræði
- Hvatning til breytinga á grunnskólalögum

Nám er vinna

Sagt er að nám sé vinna og sú staðreynd liggur fyrir að börn og unglingar dvelja stóran hluta ævi sinnar í skóla. Nauðsynlegt er að aðbúnaður þeirra sé þar sem allra bestur, hvað snertir líkamlega en ekki síður andlega velferð þeirra. Núgildandi ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum viðurkenna ekki skólann sem vinnustað nemenda og af þeim sökum eiga þeir ekki sjálfstæðan rétt er tryggir þeim öruggt og heilsusamlegt umhverfi, sem er þeim ekki síður mikilvægt en t.d. kennurum.

Á liðnum árum hefur það gjarnan komið fram bæði í ræðu og riti um skólamál hér á landi að skólinn sé vinnustaður nemenda. Hins vegar liggur sú staðreynd fyrir að löggjafinn hefur ekki viðurkennt skólann sem vinnustað nemenda heldur fyrst og fremst sem vinnustað þeirra er þiggja laun fyrir starfa sinn þar.

Til að tryggja nemendum ofangreindan rétt tel ég brýnt að sett verði í lög ákvæði hvað þetta áhrærir og sömuleiðis ákvæði um viðurlög sé ekki farið að lögum í þessum efnun.

Þar sem lengi hefur staðið til af minni hálfu að skoða þessi mál ofan í kjölinn fannst mér það kjörin hugmynd – þegar þrír laganemar úr mannréttindahópi ELSA-Ísland (Íslandsdeild European Law Students' Association) leituðu til mín síðla vetrar 2004 – að fá þá til að vinna þetta þarfa verk. Á grundvelli þessarar hugmyndar minnar og nánari útfærslu á henni fengu laganemarnir það verkefni að svara spurningunni: *Í hvaða lögum ættu ákvæði um grunnskólann, sem vinnustað nemenda, best heima?* Gert var ráð fyrir að niðurstaðan yrði sett fram sem rökstudd tillaga til breytinga á tilteknum lögum. Laganemarnir hófust handa í vor og í lok september 2004 lá fyrir vönduð og yfirgripsmikil álitserð um þetta mál.

Í álitserðinni er fyrst fjallað um þau ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem koma til álita í þessu sambandi. Þá er gerð grein fyrir norrænni löggjöf um þetta efni og framkvæmd hennar á Norðurlöndum. Síðan er vikið að löggjöf hérlendis og framkvæmd hennar, þ.e. lög um grunnskóla, lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á

vinnustöðum (vinnuverndarlöggjöfin), og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðir byggðar á þessum lögum eru einnig skoðaðar. Greint er frá könnunum umboðsmanns barna, meðal ungra ráðgjafa embættisins, sem varða aðbúnað í skólanum og líðan nemenda. Vikið er að Olweusaráætluninni um aðgerðir gegn einelti. Þá er leitað eftir sjónarmiðum nokkurra viðmælenda sem starfa að þessum málum innan stjórnsýslunnar. Loks er að finna niðurstöður og lokaorð, en þar segir orðrétt:

„Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu og eru ákvæði hans því bindandi fyrir Ísland að þjóðarétti. Íslensk löggjöf tryggir ýmis ákvæði hans í framkvæmd, en þó er ýmsu ábótavant. Þegar kemur að vinnuumhverfi barna í grunnskólum sýna hinar ýmsu rannsóknir að vellíðan og námsárangur barna helst í hendur við möguleika þeirra til að hafa áhrif á nám sitt og nánasta umhverfi. Slíkt má til að mynda tryggja með því að gefa þeim færi á að tjá sig á samráðsvettvangi um þetta með sérfróðum aðilum og skólafyrirvöldum, sem og að gefa þeim virkar heimildir og úrræði til að kvarta sé á þeim brotið, eða aðstæðum ábótavant eins og hefur verið gert á öðrum Norðurlöndum.

Eins og margoft hefur komið fram er forsenda virkrar löggjafar, sem myndi tryggja rétt barna á fullnægjandi hátt til góðs vinnuumhverfis, skýr afmörkun stjórnvalda og viðeigandi aðila á ábyrgð á framkvæmd og eftirliti með henni. Þetta verður að teljast grundvallaratriði og verður ekki ítrekað nógu oft. Gildandi lagaákvæði sem taka til efnisins eru ekki viðunandi að þessu leyti. Í samtölum okkar við viðmælendur kom það sjónarmið einnig ítrekað fram að samræma þyrfti reglurnar og finna hagkvæmari lausnir á þessum vanda. Af þeim ástæðum þarf að taka í taumana og tryggja þennan rétt nemenda á raunverulegan hátt með því að endurskoða gildandi lagaákvæði og setja heildstæðan lagaramma um efnið. Að mati undirritaðra yrði slíkt best gert með því að fella nemendur undir gildissvið vinnuverndarlöggjafarinnar eða með setningu sérlaga. Ýmis rök hniga að þessari niðurstöðu og hafa þau verið reifuð hér að framan.



Skólaakstur

- Fjöldi ábendinga
- Álitserð
- Hvatning til setningar samræmdra lágmarksreglna

Leikskólar

- Forgangsroðun
- Lengd viðveru barna í leikskólanum
- Samvera foreldra og ungra barna

Það besta við skólann minn eru kennararnir. Þeir eru mjög gáfaðir (auðvitað;) einnig lýsa þeir hlutunum mjög vel fyrir manni. Umhverfið er frábært og ég hef ekki orðið vör við neitt einelti í nokkur ár. Því sem ég myndi helst vilja breyta er að minnka klíðinn í skólastofunni svo maður geti nú fengið meiri frið til þess að læra betur. Það er nú stundum svo tíð þungt loft í skólastofunni minni en aðstaðan er mjög góð.

Það versta við skólann er að á elsta stigi þurfa allir að vera samferða í bókunum.

Matarhléin eru skemmtileg því þá get ég talað við krakkana í hinum bekknum og maturinn er alltaf góður.

Mér finnst að bekkirnir ættu að fara oftár saman í útileiki.

Við fáum ekki bekkjarkvöld í 6. bekk, en ég hef aldrei farið á þannig. En ég held að eineltið sé það versta og ofbeldið á yngri krökkunum.

Bekkurinn sem ég lenti í er alger snilld.

Umsjónarkennarinn er sá besti sem hefur kennt mér síðan í 3. bekk en hinir kennararnir eru bara finir líka.

Skólafélagarnir eru líka mjög finir en sumir strákar eru með læti og eru að henda skólatöskum annarra um alla stofuna, henda pennaveskjum og sprautu safa, taka eigur manns og setja í annarra manna töskur. Mér finnst alltaf svolítið kalt í skólanum og í skólastofunum.

Frímínúturnar eru eins og þær eiga að vera; góður sófi og slökun. Það á að vera svona – þá er ég allavega ánægð.

Æskilegt væri í þessu sambandi að taka framkvæmd Norðurlandanna til fyrirmyndar héraendis, en hafa verður í huga að hin íslenska stjórnsýsla er lítil og fámenn miðað við stjórnkerfi hinna ríkjanna og því er enn nauðsynlegra fyrir Íslendinga að finna hagkvæma lausn til tryggingar þessum rétti nemenda.

Börn verja stórum hluta uppvaxtarára sinna innan veggja grunnskólans. Aðbúnaður þeirra, umhverfi og vellíðan, skiptir höfuðmáli varðandi mótun þeirra sem einstaklinga og þátttöku þeirra í samfélagi borgaranna. Börnum ber að tryggja þennan rétt, jafnvel enn frekar en hinum fullorðnu, og ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Niðurstaðan er því að endurskoða verði gildandi löggjöf á þessu sviði og lögfesta um leið ákvæði sem tryggir nemendum öryggi og góðan aðbúnað í grunnskólanum með ótvíræðum hætti.“



Streita í lífi barna og unglunga á Íslandi Viðhorf Ráðgjafarþekkinga umboðsmanns barna og fulltrúa í nemendaráðum grunnskólanna

Svofelld fréttatilkynning var send til fjölmiðla í upphafi árs 2004:

„Umboðsmaður barna hefur hvatt menntamálayfirvöld til að beita sér fyrir rannsókn á streitu, orsökum hennar og afleiðingum hjá börnum og unglungum á Íslandi.

Niðurstöður kannana, sem umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, hefur látið gera meðal nemendaráða grunnskóla, þ.e. nemenda í 8.-10. bekk, og meðal sérstakra ráðgjafa sinna, þ.e. nemenda í 5.-7. bekk, sem þátt tóku í verkefninu: Ráðgjafarþekkingir umboðsmanns barna skólárið 2002-2003, gefa ákveðnar vísbendingar um að: **Börn og unglingar á Íslandi lifi streitufullu lífi.**

Ráðgjafar umboðsmanns barna, 10, 11 og 12 ára grunnskólanemendur, telja *helstu streituvalda* vera:

- Of stutt hlé milli kennslustunda, mikill hávaði og slæmt loft í skólastofunni, sem og miklar kröfur í skólanum, auk svefnleysis.

Fulltrúar nemendaráða grunnskólans, 13, 14 og 15 ára nemendur, telja *helstu streituvalda* vera:

- Of mikill heimalærdómur, prófkvíði, lífsgæðakapphlaupið og félagslegur þrýstingur frá samnemendum, þ.e. áhyggjur af tísku og útliti.

Til að draga úr streitu telja **ráðgjafar umboðsmanns barna** m.a. mikilvægt að:

- Efla vináttu í bekkjum, lengja frímínútur og fjölga tækifærum til íþróttar og leikja. Auka áhrif nemenda á ákvarðanir innan skólans og draga úr heimanámi.

Fulltrúar nemendaráða telja mikilvægt að:

- Minnka heimanámið, bæta félagslegt umhverfi innan skólans, þ.e. að efla félagslífið, bæta andann í skólanum og vinnuskipulag kennara.

Umboðsmaður barna segir, að niðurstöðurnar gefi vísbendingar um mikilvægi þess, að skólayfirvöld og foreldrar taki höndum saman með unga fólkinu og leiti leiða til

Það er verst að þurfa að bíða eftir kennaranum fyrir utan í vondu veðri.

14 ára stelpa

Það mætti hafa betri þjónustu í skólum fyrir fatlaða krakka og þá sem þurfa meiri hjálp svo þau geti verið á svipuðu róli og jafnaldrar þeirra. Það er þægilegt að vera í skólastofunni, þá er enginn að stríða mér.

14 ára strákur

Það á að vera gaman í skólanum, vinnufriður og góðir kennarar.

12 ára stelpa

Á leiðinni heim hugsa ég um margt, heimanámið, vini mína og hvað ég eigi að gera í dag.

13 ára stelpa

Ég fæ prófkviða. Ég kvíði oft fyrir ef það er mjög erfitt próf ... það gerist ekkert alltaf bara í nokkrum námsgreinum sem ég er slök í! til dæmis stærðfræði!! Sérstaklega Stærðfræði skoh...)

15 ára stelpa

Mér finnst óréttlátt að þara þeir sem eru í 8.-10. bekk fá að vera inni í frímínútum en ekki þeir sem eru í 1.-7. bekk. Stundum er vont veður og þá má bara 8.-10. bekkur ráða hvort þau eru inni eða úti.

11 ára stelpa

Mig langar í heitan mat í hádeginu í skólanum. Skólinn minn er einn af fáum sem bjóða ekki upp á heitan mat og mér finnst það óréttlátt.

10 ára stelpa

Okkur er sagt að bera virðingu fyrir kennaranum, sem er sjálfsagt, en það er stundum mjög erfitt ef sú virðing er ekki gagnkvæm.

14 ára stelpa

Maður lærir alltaf meira og meira, ég fæ t.d. háar einkunnir núna af því að ég fylgist svo vel með.

13 ára stelpa

að sporna við þeim aðstæðum, sem valda börnum og unglingum streitu. Jafnframt hefur umboðsmaður barna hvatt menntamálayfirvöld til að beita sér fyrir sérstakri rannsókn á streitu, orsökum hennar og afleiðingum hjá börnum og unglingum á Íslandi.

Gefin hefur verið út skýrsla þar sem niðurstöður ofangreindra tveggja kannana eru birtar, sem og heildarsamantekt þeirra. Skýrsluna er að finna á heimasíðu umboðsmanns barna, www.barn.is undir liðnum *útgefið efni*. Þar er einnig hægt að panta hana og fá senda.“

Eftir að hafa sent í tvígang hvatningu til menntamálaráðherra um að beita sér fyrir sérstakri rannsókn á streitu, orsökum hennar og afleiðingum hjá börnum og unglingum á Íslandi, barst mér í september sl. ánægjulegt svarbréf frá ráðuneytinu þar sem m.a. segir:

„Að mati ráðuneytisins er hér um áhugaverða rannsókn að ræða. Taka má undir að í skýrslunni um rannsóknina komi fram ákveðnar vísbendingar um streitu í lífi barna og unglunga, sérstaklega hvað varðar aldurinn 10-12 ára. Sláandi er hve mörg börn telja sig stundum eða oft finna fyrir streitu og hvaða hugmyndir þau hafa um birtingarmyndir hennar. Það verður ekki litið framhjá því að skólinn er vinnustaður barna á aldrinum 10-15 ára eins og bent er á í skýrslunni og þar verja þau stórum hluta af tíma sínum 9-10 mánuði ársins. Ábyrgð á velferð barnanna verður þó ekki sett að fullu yfir á skólakerfið, þar hlýtur fjölskyldan og heimilin að vera í fyrsta sæti sem og önnur stoðkerfi samfélagsins. Hér má því beina augum að fleiri atriðum en skólakerfinu svo sem aðstæðum fjölskyldna, heilbrigði og forvörnum í samfélaginu.

Ákveðið var að kanna áhuga félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis á því að þau ásamt menntamálaráðuneytinu standi sameiginlega að rannsókn á streitu í lífi barna og unglunga. Ýður mun verða tilkynnt um frekari framvindu málsins þegar afstaða ráðuneytanna tveggja liggur fyrir.“



Um frekari framvindu málsins er mér ekki kunnugt, en vænti þess að ofangreind ráðuneyti taki málaleitan menntamálaráðuneytisins vel og streita í lífi barna og unglunga verði rannsökuð á breiðum grundvelli.

Skoðanakönnun um líðan í skóla

Í september spurði umboðsmaður barna umbjóðendur sína, og aðra þá sem heimsækja heimasíðu embættisins www.barn.is, hvernig þeim liði í skólanum.

Skoðanakönnunin var orðuð svona:

Hvernig líður þér í skólanum?

Alls bárust 559 svör við könnuninni, þó að skólarnir hafi aðeins verið starfandi tvo þriðju hluta mánaðarins. 229 merktu við „mjög vel“ en 219 sögðu að þeim liði ágætlega í skólanum. 111 sögðu að þeim liði illa í skólanum og er það vissulega alvarlegt mál, ekki síst í ljósi þess að börnum er skylt að sækja grunnskóla, hvort sem þeim líkar það betur eða verr.

Tilvitnanir í svör nemenda:

„Nei! Ég finn ekki fyrir prófkvíða. Ég held að það sé út af því að ég læri vel undir prófin og borða góðan mat!“

„Það er ekkert gert fyrir mann því kennurunum er alveg drullusama.“

„Ég kvíði aldrei fyrir prófi. Ég hugsa bara: Ef ég næ því er það bara gott mál en ef ég næ því ekki geri ég bara betur næst!“

„Prófkvíði er bara svona eitt-hvað rugl sem ég finn aldrei fyrir og ég hef ekki hugmynd um það hvernig hann lýsir sér.“

„Það er ömurlegur náms-ráðgjafi í skólanum þannig að við getum ekki fengið neina hjáp!“

„Ég er óviss hvort ég geti treyst einhverjum fyrir því!“

Er prófkvíði vandamál?

Spurning aprílmánaðar 2004 á heimasíðu umboðsmanns barna fjallaði um prófkvíða. Fyrst var stutt lýsing á því hvað prófkvíði er og svo var spurt:

Finnur þú fyrir prófkvíða? Hvernig lýsir prófkvíði sér? Færðu aðstoð til að takast á við kvíðann?

Alls bárust 135 svör, þar af voru 122 marktæk. Niðurstöður þessara svara eru eftirfarandi:

Nei sögðu 40%, eða 49 svarenda, smá eða stundum sögðu 32%, eða 39 svarenda, en 28%, eða 34 þeirra sem svöruðu spurningunni, sögðust finna fyrir prófkvíða.

Helstu einkenni sem börnin nefndu eru: magaverkur, hnútur í maganum, píringur, þreyta, flökurleiki, höfuðverkur, hraður hjartsláttur, svimi, sviti, svengd, handkuldi, skjálfti, andvökur og það að „geta ekki hugsað“.

Nokkrir töldu til ástæður fyrir kvíðanum. Annars vegar segja svarendur foreldra þrýsta of mikið á börn sín að standa sig vel og hins vegar eru kennarar sagðir gera prófin mjög stressandi.

Þeir sem eiga í erfiðleikum vegna prófkvíða sögðust oftast fá aðstoð frá fjölskyldunni (mömmu, pabba, frændfólki). Einn nemandi sagði að mamma sín hefði boðið sér róandi lyf fyrir samræmt próf. Annars nota nemendur eftirfarandi aðferðir til að draga úr prófkvíða: Læra jafnt og þétt fyrir prófið, fá að taka prófið í sérstakri kennslustofu og fá lengri próftíma, fá sér kaffibolla og sígarettu fyrir próf eða hafa tryggigúmmi til að róa sig í prófum.

Enginn þeirra sem sagðist finna fyrir prófkvíða sagðist beint hafa leitað sér aðstoðar hjá námsráðgjafa enda voru ekki nema örfáir sem gáfu í skyn að þeir myndu vilja þiggja aðstoð ef hún væri í boði.



Verkfall grunnskólakennara 20. september til 17. nóvember 2004 – afskipti umboðsmanns barna

Verkfall grunnskólakennara hófst 20. september 2004. Á meðan á verkfalli stóð óskuðu nokkrir fjölmiðlar eftir viðtölum við mig. Umfjöllunarefni var oftast en ekki réttindi barna til menntunar og skólaskyldan. Gjarnan var spurt hvernig þessi réttindi skólabarna samrýmdust rétti kennara til að fara í verkfall. Í þessu sambandi vísaði ég m.a. til álitserðar, sem ég sendi frá mér á árinu 1995 þegar verkfall grunn- og framhaldsskólakennara stóð yfir, en efni hennar er enn í fullu gildi. Ákveðið var að birta álitserðina á heimsíðu embættisins, www.barn.is, til fróðleiks. Í henni kemur m. a. fram:

Augljóst er að þessi réttindi eru ósamþýðanleg. Við aðstæður sem þessar hefur það sjónarmið verið ríkjandi að hinn sértæki réttur, í þessu tilviki réttur kennara til að fara í verkfall, gangi frammar hinum almenna rétti, þ.e. skólaskyldu barna og rétti þeirra til menntunar, því að öðrum kosti væri hinn sértæki réttur, verkfallsrétturinn, þýðingarlaus. Með fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi hefur íslenska ríkið og skuldbundið sig að þjóðarétti til að ábyrgjast „verkfallsrétt að því áskildu að honum sé beitt í samræmi við lög viðkomandi lands“, eins og segir orðrétt í 1. tölul. 8. gr. þessa alþjóðasamnings.

Réttur launamanna til að leggja niður vinnu í ákveðnum tilgangi felur að mínu áliti það óhjákvæmilega í sér að réttindi annarra þjóðfélagsþegna skerðast meðan verkfall varir. Þannig takmarkar, svo dæmi sé tekið, verkfall hjúkrunarstétta á vissan hátt rétt sjúklinga til læknishjálpar. Á sama hátt takmarkar réttur kennara til að leggja niður vinnu rétt skólabarna til að njóta þeirrar menntunar er lög um grunnskóla kveða á um, enda er öðrum óheimilt að ganga inn í störf kennara. Í þessu sambandi vil ég hins vegar taka fram að ég tel með öllu óheimilt að aftra börnum og ungmönnum frá því að taka þátt í félags- og tómstundastarfi, jafnvel þótt það fari fram í skólahúsnæði, nema það teljist vera liður í skólastarfinu sjálfu.



Þegar verkfall hafði staðið yfir í sjö vikur taldi ég einsýnt að ríkisstjórnin yrði að koma að þessari erfiðu deilu kennara og sveitarfélaga enda virtist engin lausn í sjónmáli. Hinn 9. nóvember 2004 sendi ég því eftirfarandi áskorun til oddvita ríkisstjórnarinnar, Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra.

Áskorun umboðsmanns barna til ríkisstjórnar Íslands

Yfirstandandi verkfall grunnskólakennara hefur fyrst og fremst bitnað á þeim, sem síst skyldi, þ.e. börnum þessa lands, og hætta er á því að mörg þeirra muni bíða ómetanlegt tjón ef það dregst enn frekar á langinn.

Grunnskólinn er vinnustaður barna og því er með öllu óþolandi að þeim sé haldið frá vinnu sinni svo að vikum skiptir. Réttur barna til skólagöngu er þar með fyrir borð borinn þrátt fyrir lögboðna skyldu hins opinbera til að sjá þeim fyrir almennri menntun og fræðslu.

Í ljósi þeirrar stöðu, sem nú er upp komin í samningaviðræðum sveitarfélaga og samtaka kennara, þar sem engin lausn virðist í sjónmáli, beini ég, sem umboðsmaður barna, þeirri eindregnu áskorun til ríkisstjórnarinnar að beita sér nú þegar fyrir lausn á þessari kjaradeilu í samráði við deiluaðila til þess að endi verði bundinn á þetta ófremdarástand sem allra fyrst.

Í kjölfar þessarar áskorunar var ég boðuð á fund í forsætisráðuneytinu þar sem ég kom á framfæri sjónarmiðum varðandi hagsmuni og réttindi barna, í ljósi stöðu mála. Ég rökstuddi mál mitt með vísan til ákvæða 2. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, 1. gr. og 6. gr. grunnskólalaga, 28. gr., sbr. 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og 13. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Í millitíðinni hafði ég boðað til mín á fund fulltrúa úr stjórn náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum landsins. Í fundargerð þessa fundar segir m.a.:



Afhálfu umboðsmanns barna var tilgangur fundarins fyrst og fremst sá, að koma þeim skilaboðum á framfæri við náms- og starfsráðgjafa grunnskóla; að taka sérstaklega vel á móti nemendum þegar verkfallsástandinu linnir, að vera vel sýnilegir nemendum og hvetja þá óspart til að leita sér aðstoðar hjá þeim varðandi námið, líðan sína og framtíðina almennt.

Fyrrgreindir fulltrúar stjórnar Félags náms- og starfsráðgjafa tóku málaleitan umboðsmanns barna vel og ætla að koma þessari hvatningu á framfæri við félagsmenn sína á fundi, sem haldinn verður á vegum þeirra, í kvöld.

Hinn 13. nóvember 2004 samþykkti Alþingi Íslendinga lög um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum, nr. 117/2004, sem m.a. lýstu verkfall kennara óheimilt frá gildistöku laganna. Jafnframt skyldi skipaður gerðardómur til að ákvarða kaup og kjör félagsmanna í Félagi grunnskólakennara og Skólastjórafélagi Íslands.

Almennt voru kennarar afar ósáttir við þessa framgöngu löggjafarvaldsins og ákváðu að mæta ekki til vinnu sinnar í skólana 15. og 16. nóvember 2004. Af því tilefni sendi ég, sem umboðsmaður barna, eftirfarandi tilmæli til Félags grunnskólakennara:

Virðum rétt barna til menntunar og fræðslu

Umboðsmaður barna mælist til þess við grunnskólakennara að þeir sýni börnum þessa lands virðingu og mæti þegar í stað til vinnu sinnar í grunnskólum, eins og lög bjóða. Börn eru skólaskyld og þau eiga stjórnarskrárvarinn rétt til menntunar og fræðslu. Virðingarleysi fyrir þessum réttindum barna er engum til sóma.

Áður en til skipunar gerðardóms kom tókst að undirrita kjarasamning milli ofangreindra aðila, hinn 17. nóvember 2004. Samkvæmt mínum upplýsingum er skólahláð óðum að komast í eðlilegt horf og er von mín sú að allt það góða starf, sem hefur verið unnið í grunnskólum landsins hin síðustu ár, haldi áfram að blómstra með velferð barna í fyrirrúmi.

Afskipti umboðsmanns barna af verkfalli grunnskólakennara

20. sept.-17. nóv. 2004



- Tilmæli send til Félags grunnskólakennara 15. nóvember 2004. Fundur með forsætisráðherra, menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra 11. nóvember s.á.

- Áskorun til ríkisstjórnarinnar um að beita sér fyrir lausn deilunnar 9. nóvember s.á.

- Viðtal í þættinum Reykjavík síðdegis á Bylgjunni 9. nóvember s.á.

- Fundur með fulltrúum náms- og starfsráðgjafa 9. nóvember s.á.

- Álitsgerð frá 1995 um rétt nemenda í verkfalli kennara endurbirt 8. október s.á.

- Rætt um stöðu málsins við forsætisráðherra 5. október s.á.

- Viðtal í þætti Hallgríms Thorsteinssonar í Útvarpi Sögu 5. október s.á.

- Bréf sent til undanþágu-nefndar varðandi störf hennar 28. september s.á.

- Viðtal um störf undanþágu-nefndar í Fréttablaðinu 26. september s.á.


- Viðtal í Speglinum á Rás 2 24. september s.á.

Í niðurlagi fyrrnefndrar álitsgerðar minnar frá 1995 segir m.a.:

Af svari mínu ... virðist sem afnám eða takmörkun verkfallsréttar kennara sé í fljótu bragði eina úrræðið sem gæti komið í veg fyrir að deilur kennara og hins opinbera um kaup og kjör bitni á skólagöngu barna í framtíðinni. Það er aftur á móti ekki í mínum verkahring að taka afstöðu til þess hvort slíkt bæri að gera. Í þessu sambandi er og ástæða til að nefna að á Norðurlöndum og í mörgum öðrum nágrannalöndum okkar er kennurum tryggður verkfallsréttur með lögum.

Með hagsmuni barna að leiðarljósi er ég hins vegar að sjálfsögðu reiðubúin til viðræðna við þá aðila, sem hlut eiga að máli, um hugsanlegar leiðir til að fylgja eftir þeirri stefnumótun um nám og kennslu, sem lög um grunnskóla kveða á um, ef það mætti verða til þess að koma, í framtíðinni, í veg fyrir að kjaradeilur bitni á skólagöngu barna.

Úr þessum viðræðum varð ekki en ég tel augljóst að yfirvöld skólamála í landinu þurfa að taka þessi mál til alvarlegrar skoðunar á næstu misserum til að finna viðunandi lausn til framtíðar litið, ekki síst fyrir börnin okkar sem eiga það besta skilið.



Kaflí 5 Barnavernd

Heimilisofbeldi

Allt frá árinu 1999 hef ég bent á nauðsyn þess að hér á landi verði gerð rannsókn á umfangi og eðli heimilisofbeldis gagnvart börnum, kannað verði hvaða úrræði standi þessum börnum til boða og hvort einhverjar réttarúrbætur séu nauðsynlegar þeim til verndar, í samræmi við 19. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þar eð þessi ábending mín fékk ekki þann hljómgrunn sem ég vænti hjá stjórnvöldum, ákvað ég á árinu 2003 að boða til fundar við mig fulltrúa hinna ýmsu starfsstétta heilbrigðisþjónustunnar. Þetta gerði ég ekki síst í ljósi þess að fyrir liggur sú staðreynd að hlutfallslega fáar tilkynningar berast frá heilbrigðisstarfsfólki til barnaverndarnefnda, sbr. 17. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002. Markmið mitt með þessum fundahöldum var að fá fram mat fyrrgreindra á stöðu þessara mála hér á landi og hvort og þá hverra aðgerða væri þörf til að bæta ástandið.

Margt fróðlegt kom fram á þessum fjölmörgu fundum en segja má að niðurstöður þeirra hafi styrkt enn frekar þá afdráttarlausu skoðun mína að brýnt sé að gera hér á landi rannsókn á heimilisofbeldi gegn börnum, m.a. með vísan til alþjóðlegra skuldbindinga okkar Íslendinga, sbr. áður nefnda 19. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og nýmæli í 2. málsgrein 28. greinar barnalaga, nr. 76/2003.

Það var mér því sérstakt fagnaðarefni að samvinna tókst með embætti mínu og þeim dr. Geir Gunnlaugssyni, yfirlækni á Miðstöð heilsuverndar barna, og dr. Jónínu Einarsdóttur mannfræðingi, um að hefja forkönnun til undirbúnings þessa mjög svo brýna rannsóknarverkefnis. Leitað var til fimm ráðuneyta um fjárstyrk vegna forkönnunarinnar, þ.e. forsætisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis. Öll tóku þau málaleitan vel og veittu fjárstyrki til að leysa framangreint verk af hendi. Sesselja Theodórs Ólafsdóttir mannfræðingur, MA, var starfsmaður verkefnisins í fimm mánuði fram til ársloka 2003. Við framkvæmd þess lögðu Heilsugæslan í Reykjavík og nágrenni og Miðstöð heilsuverndar barna fram vinnuástöðu og önnuðust aðra umsýslu.



Afrakstur þessarar vinnu leit dagsins ljós 22. september 2004 en þá kom út bókin: **Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi – höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða**. Af því tilefni var boðað til fjölmiðlafundar og bókin kynnt í fyrsta skipti opinberlega. Efni hennar vakti þó nokkra athygli og hún fékk ágætis umfjöllun í fjölmiðlum. Á málþinginu: *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna*, sem embætti mitt og háskólarektor stóðu að í sameiningu, 5. nóvember sl. í Háskóla Íslands, flutti Geir Gunnlaugsson eitt af lykilerindum málþingsins og fjallaði það um efni fyrrgreindrar bókar. Gríðarleg heimildaöflun fór fram í tengslum við ritun bókarinnar, sem án efa mun gagnast öllum þeim sem kanna vilja nánar þetta ógnvekjandi efni.

Eins og áður er fram komið var litið á framangreint verk sem undirbúning að stærra rannsóknarverkefni á umfangi og eðli heimilisofbeldis gegn börnum á Íslandi. Á fundi sem ég hélt í nóvember sl. mætti, auk þeirra Geirs og Jónínu, dr. Inga Dóra Sigfúsdóttur frá Rannsóknum og greiningu. Niðurstaða þess fundar var sú, að þau þrjú myndu í samstarfi vinna að framangreindri rannsókn og að í samráði við embætti mitt yrði leitað eftir fjárstyrkjum frá ráðherrum ríkisstjórnarinnar, en nú þegar hafa félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Jón G. Kristjánsson, veitt vilyrði sitt fyrir styrkjum til þessarar mikilvægu rannsóknar sem verður sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi.

Í upphafi bókarinnar *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi* segir: *Ofbeldi af margs konar toga hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda. Einna alvarlegast er ofbeldi sem beinist að börnum sem geta ekki varið sig. Þó svo að almennt sé viðurkennt að börn eigi rétt á vernd gegn ofbeldi eru skoðanir skiptar um hvað sé gott uppeldi og hvaða refsingar séu viðeigandi. Þótt hugmyndir um ofbeldi séu menningarbundnar sýna rannsóknir að hægt er að vinna gegn því. Þá er nauðsynlegt að við þekkjum sögu okkar, hugmyndir okkar um börn og uppeldi og vitum hvaða uppeldisaðferðum er beitt. Um þetta fjallar framangreind bók allt fram til okkar daga.*

Á bls. 9 í kaflanum um börn á fyrri öldum segir m.a.: *Mikið hefur verið deilt um áreiðanleika Íslendinga sagna en víst er að þær hafa að geyma ákveðna mynd af því samfélagi sem lagði grunninn að byggð á Íslandi. Þær eru taldar skrifaðar á 13. og 14. öld og í þeim er gjarnan sagt frá vígaferlum og áflogum bænda. Þar er einnig að finna nokkrar frásagnir um ofbeldisfull börn og ofbeldi á börnum, sérstaklega drengjum. Í þessum sama kafla er að auki fjallað um útburð barna og barnamorð, útflutning barna á 15. og 16. öld og erfið lífskjör 18. og 19 aldar. Í bókinni er ítarlegur kafla um stöðu barna á 20. öld og þá er sérstakur kafla um aga og uppeldi við upphaf 21. aldar. Eins og áður segir fylgir bókinni yfirgrípsmikil heimildaskrá auk atriðisorðaskrár. Í niðurlagi lokaorða bókarinnar, bls. 54-55, segir: Það er ljóst að hugmyndir um börn og staða þeirra breytist í tímans rás, bæði hér á landi og erlendis. Einnig breytast hugmyndir um hvað sé heppilegt uppeldi.*

Ekki er langt síðan það þótti ekkert „óeðlilegt“ að flengja börn á Íslandi. Aðferðir sem byggjast á því að höggva, hýða, hirta, hæða, hótta, hafna, hrista eða hræða eru nú til dags ekki aðeins taldar óheppilegar, heldur geta þær verið refsiverðar samkvæmt núgildandi lögum. Ýmsar leiðir til að beita börn viðurlögum í uppeldisskyni njóta vaxandi vinsælda og er mikilvægt að hafa í huga hvort slíkar aðferðir geti falið í sér höfnun og vakið upp hræðslu. Eins er margt sem bendir til þess að nú sem áður fyrr sé börnum oft hóttað en við vitum lítið um umfang og eðli slíkra hótana. Því er mikilvægt að efla enn frekar umræður um heimilisofbeldi gegn börnum. Það þarf að styrkja rannsóknir á umfangi og eðli slíks ofbeldis og efla þær stofnanir samfélagsins sem hafa það hlutverk að sinna velferð barna.

Bókin *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi* er seld í helstu bókaverslunum landsins.

Í 1. málsgrein 19. greinar *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* kemur fram að: *Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni.*

Í umsögn minni um frumvarp til nýrra barnalaga benti ég á mikilvægi þess að fram kæmi í lagaákvæðinu sjálfu afdráttarlaust bann við líkamlegu og andlegu ofbeldi foreldra gagnvart börnum sínum, sem og hvers konar annarri vanvirðingu. Rök mín voru fyrst og fremst þau, að með slíku lagaákvæði myndi íslenska ríkið uppfylla þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar, sbr. framangreind ákvæði 19. gr. *Barnasáttmáls*.

Núgildandi ákvæði 1. málsgreinar 28. gr. *barnalaga nr.76/2003* er svohljóðandi:

Forsjá barns felur í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.

Nákvæma skilgreiningu á því hvað felst í hugtakinu heimilisofbeldi er ekki að finna í barnalögum. Segja má því að það sé lagt í hendur þeim sem við þessi mál starfa að skilgreina hvað teljist andlegt og líkamlegt ofbeldi.

Þegar foreldrar bregðast uppeldisskyldum sínum eiga börn rétt á aðstoð barnaverndarnefnda og starfsfólks þeirra. Því er afar mikilvægt að almenningur og hver sá sem starfar eða hefur afskipti af málefnum barna geri sér ljósa grein fyrir skyldu sinni til að tilkynna barnaverndarnefnd þegar ástæða er til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi ...

Tilkynning til barnaverndarnefndar er grundvöllurinn að öflugu barnaverndarstarfi.

Ég er mjög viðkvæm og það er auðvitað best að stríða krökkum sem eru viðkvæmir og fara að gráta; ég fór alltaf að gráta út af öllu.

Er það sjálfsgott að foreldrar mínir slái mig utanundir „kinnhest“ ef ég geri eitthvað af mér?
14 ára stelpa

Sko, er það réttlætunlegt að mér sem líður ALVEG HRÆÐILEGA SKELFILEGA ILLA (alveg eins og í helvíti). Er það réttlætunlegt að ég verð bara að vera svona og þess vegna bara í lagi að ég drepi mig, BARA vegna þess að ég er EKKI orðin 18 ára og foreldrar mínir segja að það sé EKKERT að mér nema að þetta sé bara ATHYGLISSÝKI í mér !!!!
17 ára stelpa

Mér hefur verið nauðgað og gefið dóp, hvað get ég gert?
16 ára stelpa

Ég varð fyrir kynferðislegri misnotkun þegar ég var barn. Sá sem misnotaði mig er í minni nánustu fjölskyldu. Vegna þessa hefur mér líðið illa og það hefur ekki líðið sá dagur sem ég hugsaði ekki um þetta.
15 ára stelpa

Tilvitnanir í börn

Því fleiri sem reglurnar verða því pirraðri verðum við unglíngarnir og viljum brjóta meira af okkur.
15 ára stelpa

Er heimilisofbeldi ef foreldrar manns slá mann á munninn?
11 ára stelpa

Stóru krakkarnir eru alltaf að lemja mann.
10 ára strákur

Í 16. grein barnaverndarlaga, nr. 80/2002, er mælt fyrir um tilkynningarskyldu almennings. Þar segir:

Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða.

Í 17. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002 er mælt fyrir um tilkynningarskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum. Þar segir:

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Kynferðisbrot gegn börnum – fyrningarfrestur

Í starfi mínu sem umboðsmaður barna hef ég ávallt haft það að leiðarljósi að gæta hagsmuna barna í hvívetna. Því lét ég á árinu 1997 taka saman skýrslu um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum og stöðu þessa málaflökks, m.a. í samanburði við lög og lagaframkvæmd á öðrum Norðurlöndum. Skýrslu þessa, sem ber yfirskriftina *Heggur sá er hlífa skyldi* sendi ég dómismálaráðherra og félagsmálaráðherra ásamt tillögum mínum til úrbóta. Markmið þeirra var annars vegar að styrkja réttarstöðu barna sem fórnarlamba kynferðisofbeldis og hins vegar að efla og samhæfa betur meðferðarúræði ætluð þessum börnum, þannig að þau mættu hljóta líkamlegan og sálrænan bata og aðlagast samfélaginu á ný, sbr. 39. gr. Barnasáttmálans.

Tillögur mínar lutu m.a. að breytingum á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, sem og almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992. Það ánægjulega gerðist að dómismálaráðherra tók undir flestar þessara tillagna minna á einn eða annan hátt og lagði fram frumvörp til breytinga á framangreindum lögum er síðan voru samþykkt sem lög af hinu háa Alþingi.

Þar sem ég taldi að tillögur mínar um breytingar á almennum hegningarlögum hefðu ekki fengið fullan framgang hjá Alþingi á sínum tíma, þ.á m. tillaga mín um **að kynferðisbrot gegn börnum myndu alfarið ekki fyrnast**, ákvað ég, hinn 8. janúar 2004, í kjölfar sýknudóms í kynferðisbrotamáli þar sem brotið var talið fyrnt, að skrifa formanni allsherjarnefndar Alþings bréf, þar eð ég taldi eðlilegt að sú nefnd skoðaði þessa tillögu mína á nýjan leik í ljósi hins nýuppkveðna sýknudóms. Einnig ítrekaði ég aðrar tillögur mínar, upphaflega frá árinu 1997, varðandi sérstakt refsihækkunarákvæði og ákvæði um eins árs lágmarksrefsingu vegna brota gegn 202. gr. almennra hegningarlaga.



Tilvitnanir í börn

Í stuttu máli hefur mig nokkrum sinnum langað að drepa mig og einu sinni reynt það! Þoli ekki mömmu mína og vil flytja til pabba míns.
14 ára stelpa

Hvernig veit maður að maður sé þunglyndur?
13 ára stelpa

Núna liggur fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, frá þingmönnum Samfylkingarinnar, en þar segir í 1. gr:

Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. fyrnist sök vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. ekki þegar brot er framið gagnvart barni undir 14 ára aldri.

Í greinargerð sem fylgir ofangreindu frumvarpi segir m.a.:

Þetta lagafrumvarp var lagt fram á síðasta þingi, 130. löggjafarþingi á þskj. 794 í 520. máli, en fékk ekki afgreiðslu í allsherjarnefnd. Frumvarpið var sent út til umsagnar og fékk vægast sagt góðar undirtektir. Umboðsmaður barna lýsti yfir stuðningi við frumvarpið í umsögn sinni 30. mars 2004. Umboðsmaður barna hefur lengi hvatt Alþingi til að afnema fyrningarfresti vegna kynferðisafbrotu gegn börnum en sú hvatning kom fyrst fram í skýrslu hans 1997. Með þessu frumvarpi er farið eftir tilmælum umboðsmanns barna.



Kafla 6

Heilbrigðismál



Geðheilbrigðismál barna og unglunga

Geðrænar sjúkdómar verða stöðugt meira áberandi meðal barna og unglunga og ýmsar rannsóknir benda til að slíkum tilfellum fjölgi. Geðvefrænar truflanir meðal barna hafa aukist á síðari árum. Þær geta birst í sinni einföldustu mynd sem magaverkir, höfuðverkur eða svefntruflanir. Börn og unglingar, ekki síður en fullorðnir, virðast og lifa við sívaxandi streitu í okkar títtnefnda velferðarþjóðfélagi.

Börn og unglingar eru einstaklingar í mótun. Þetta eru þeir þjóðfélagsþegnar sem framtíð landsins byggist á. Þeim sem halda um stjórnartaumana ber því skylda til að búa þeim öllum eins góð skilyrði til uppvaxtar og þroska og framast er unnt. Þótt ýmislegt hafi verið gert í geðheilbrigðismálum barna og unglunga á síðustu árum er augljós þörf á frekari úrbótum. Ábendingar er mér hafa borist varðandi þessi málefni á umliðnum árum fullvissa mig um að brýn nauðsyn er á opinberri heildarstefnu í geðheilbrigðismálum barna yngri en 18 ára. Allt frá árinu 1995 hef ég hvatt til þess að slík stefna verði mótuð og jafnframt að gerð verði samræmd framkvæmdaáætlun ríkis og sveitarfélaga á þessu sviði. Samvinna allra þeirra sem sinna geðheilbrigðismálum er forsenda árangurs – til heilla fyrir börnin okkar. Þau verðskulda það. Hér á eftir er yfirlit yfir helstu aðgerðir mínar í þágu barna og unglunga með geðræna sjúkdóma:

Þegar á fyrsta starfsári mínu sem umboðsmaður barna, þ.e. árið 1995, hreyfði ég við geðheilbrigðismálum barna með bréfi til þáverandi heilbrigðisráðherra. Þar



óskaði ég svara við ýmsum spurningum, m.a. um hvert væri lagalegt hlutverk Barna- og unglिंगageðdeildar Landspítalans (BUGL), hvort til væri skipurit yfir starfsemi deildarinnar og hversu miklu fjármagni væri varið til starfseminnar það ár. Í svarbréfi ráðherra kom m.a. fram að hlutverk og markmið BUGL hefði aldrei verið formlega skilgreint af hálfu hins opinbera. Einnig kom fram að engin heildaráætlun væri til í geðheilbrigðismálum barna og unglunga og ekki væru uppi áform af hálfu stjórnvalda um að semja slíka áætlun. Í skýrslu minni til forsætisráðherra 1995 greindi ég m.a. frá þeirri skoðun minni að afar brýnt væri að hlutverk og stafsemi BUGL yrði betur skilgreind og mörkuð yrði af hálfu stjórnvalda heildarstefna í geðheilbrigðismálum barna og unglunga.

Í bréfi til heilbrigðisráðherra á árinu 1997 hvatti ég ráðherra m.a. til að styrkja stöðu BUGL innan heilbrigðisþjónustunnar með því að setja laga- og stjórnvaldsfyrirmæli um hlutverk og markmið, stjórn og skipulag deildarinnar. Sömu leiðis hvatti ég hann til að beita sér fyrir mótun heildarstefnu í geðheilbrigðismálum barna og einnig gerð framkvæmdaáætlunar, til nokkurra ára, sem byggði á víðtæku samstarfi heilbrigðis-, félagsmála- og menntakerfisins. Ég ítrekaði skoðun mína á að nauðsynlegt væri að samhæfa vinnu allra þeirra sem sinna þessum börnum og taldi nauðsyn bera til að taka upp þverfaglegt samstarf þeirra ráðuneyta sem að þessum málum koma á einn eða annan hátt. Efni þessa bréfs var ítrekað af minni hálfu með bréfi í upphafi árs 1998. Engin sýnileg viðbrögð urðu af hálfu ráðuneytisins.



Seinni hluta árs 2000 sendi ég fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um hvað liði gerð framkvæmdaáætlunar á grundvelli skýrslu starfshóps um framtíðarstefnu í geðheilbrigðismálum barna og unglunga. Erindið var ítrekað í lok ársins. Í byrjun árs 2001 barst mér svar ráðuneytisins þar sem fram kom að ekki hefði verið gerð framkvæmdaáætlun, enda engin sérstök stefnumótun til í þessum málum. Ráðuneytið kvaðst í tilefni af fyrirspurn umboðsmanns barna ætla að taka saman greinargerð um þróun geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglunga og um þau áform sem uppi væru varðandi málaflökinn. Greinargerðin átti að vera tilbúin í febrúar 2001 og þá kynnt mér, sem umboðsmanni barna. Um haustið 2001 var bréf mitt frá fyrra ári ítrekað. Svar barst frá ráðuneytinu í nóvember 2001 þess efnis að verið væri að leggja lokahönd á greinargerðina. Þá óskaði ég eftir fundi með heilbrigðisráðherra til að ræða málefni barna, m.a. áðurgreind mál. Fundur okkar var haldinn í ráðuneytinu 16. október 2002.

Hinn 7. mars 2003 sendi ég heilbrigðisráðherra minnisblað vegna þeirrar fjölmiðlaumræðu sem varð um vanda BUGL og ástand geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglunga. Þar rakti ég áralöng afskipti mín af þessum málum og taldi að í ljósi þeirra hefði vandi BUGL varla átt að koma æðstu stjórn þessara mála á óvart. Ég kvaðst vona að sú umræða sem átt hefði sér stað á vettvangi fjölmiðla um þennan erfiða og vandasama málaflök leiddi til varanlegra úrbóta í geðheilbrigðismálum barna og unglunga hér á landi. Í lok minnisblaðsins hvatti ég heilbrigðisráðherra til að eiga frumkvæði að því að hlutverk og starfsemi BUGL innan heilbrigðiskerfisins yrði skilgreind lögum samkvæmt. Þannig yrði settur eins traustur og góður grunnur undir geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglunga og vöð væri á, til lengri tíma lítið, og réttur barna og unglunga stæði til, sbr. 1. gr. laga nr. 97/1990 og til hliðsjónar 24. gr. sbr. og 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Tilvitnanir í börn

Foreldrar mínir segja að það sé EKKERT að mér nema að þetta sé bara ATHYGLISSÝKI í mér !!!! en ég held að það sé eitthvað MEIRA en lítið AÐ mér ... því ég er með ALLAR GEÐSjúkdóma-TEGUNDIRNAR, MIKIÐ ÞUNGLYNDI, MJÖG MIKIÐ AF OFSJÓNUM og OFHEYRNUM. ALLTAF GRÁTANDI.
17 ára stelpa

Hvert get ég leitað til að láta vita að stelpa sem ég þekki er byrjuð að nota dóp? Ég vil segja einhverjum frá því til að reyna að hjálpa henni að komast út úr þessu áður en hún sekkur dýpra í þetta rugl ...
16 ára stelpa

Hvað á ég að gera ef ég á von á barni en sjálf er ég barn?
15 ára stelpa

Haustið 2003 barst mér bréf frá heilbrigðisráðuneytinu ásamt samantekt um geðheilbrigðisþjónustu við börn o.fl. Í bréfinu kemur m.a. fram að stjórnskipulega séð heyrir BUGL undir geðsvið Landspítala - háskólasjúkrahúss (LSH). Stjórnskipurit LSH taki ekki til starfsemi einstakra deilda. Stjórnskipan á BUGL sé sambærileg við aðrar deildir spítalans, og hafi ráðuneytið ekki séð ástæðu til að að gera athugasemdir við hana. Um starfsemi deilda innan heilbrigðisstofnana gildi aðeins almenn laga- og stjórnvaldsfyrirmæli. Viðbótarfjármagn hafi fengist til rekstrar BUGL og ákveðið hafi verið að skipa nefnd til að gera tillögur til ráðherra um geðheilbrigðisþjónustu við börn á landsvísu. Ýmislegt fleira kom fram í þessu bréfi ráðuneytisins en í niðurlagi þess var óskað eftir fundi með mér, sem umboðsmanni barna. Sá fundur var haldinn á skrifstofunni minni 21. október 2003, en hann sóttu tveir fulltrúar frá ráðuneytinu sem gerðu mér grein fyrir þróun geðheilbrigðismála og helstu framtíðaráformum á því sviði. Rætt var um hlutverk og stöðu BUGL. Fram kom að mikið fjármagn væri lagt í BUGL en meira þyrfti til. Rætt var um þjónustu við börn með geðræn vandamál, á landsvísu, en þar væri pottur brotinn. Bæta þyrfti samstarf milli ólíkra fagstétta en það væri of lítið. Fram kom að nefnd væri að störfum, sem hefði það hlutverk að móta heildarþjónustu við þessi börn. Þá var upplýst að ráðherra hefði ákveðið að ráða sérstakan verkefnisstjóra, í byrjun árs 2004, til að vinna að tillögum um bættu þjónustu við börn með geðraskanir, á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála. Ýmislegt fleira kom fram á þessum fundi sem ekki verður rakið hér.

Sumarið 2004 átti ég síðan fund með framangreindum verkefnisstjóra þar sem ég kynnti honum afskipti mín af þessum málaflökki og hann gerði mér grein fyrir vinnu sinni, í stórum dráttum. Hann kvaðst myndu skila tillögum sínum um úrbætur til ráðherra á haustdögum 2004. Þessar tillögur hef ég ekki séð.



Eins og fram hefur komið hef ég ítrekað bent yfirvöldum á nauðsyn þess að búa betur að þessum hópi barna, sem og fjölskyldum þeirra. Óneitanlega hefur talvert verið unnið í þessum málum af hálfu heilbrigðisyfirvalda síðustu árin, en betur má ef duga skal. Málefni barna með geðræna sjúkdóma mega ekki vera svartur blettur á íslenskri heilbrigðisþjónustu.

Fötluð börn

Á umliðnum árum hef ég talsvert komið að málefnum fatlaðra barna á einn eða annan hátt. Nokkuð hefur verið um ábendingar og fyrirspurnir varðandi réttindi barna sem eiga við ýmiss konar fatlanir að stríða og einnig hef ég kynnt mér málefni þeirra að eigin frumkvæði. Stundum hafa ábendingar leitt til frekari afskipta af minni hálfu og má nefna sem dæmi:

- málefni einhverfra barna
- málefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins
- fötluð börn í framhaldsskólum
- tannlækningar fatlaðra og þroskaheftra barna
- umönnunargreiðslur til foreldra fatlaðra barna

Ekki er hér um tæmandi upptalningu að ræða, en auk þess sem þegar hefur verið nefnt vil ég sérstaklega vekja athygli á tveimur málum sem ég hef talsvert unnið að:

Hvernig veit maður að maður sé þunglyndur?
13 ára stelpa

Ég er rétt komin úr 9. bekk og það drekka rúmlega 50% af árganginum!! Þetta er svo sorglegt og svo virðast foreldrar alveg vera útúr heiminum í sambandi við svona hluti!!
15 ára stelpa

Heyrnarlaus börn

Þegar á árinu 1995 kynnti ég fyrir menntamálaráðherra ábendingar sem mér höfðu borist um réttarstöðu heyrnarlausra barna og óskaði eftir viðhorfum hans til málsins. Var m.a. bent á að löggjafinn viðurkenndi ekki móðurmál þeirra, íslenskt táknmál, og að löggjafinn tryggði þeim ekki rétt til máltöku á móðurmálinu, kennslu eða námsefni í móðurmálinu. Nokkur bréfaskipti urðu milli mín og menntamálaráðherra í framhaldi af þessu erindi mínu á árunum 1995 og 1996 og lauk þeim með því að ég lýsti yfir vonbrigðum mínum vegna þeirrar afstöðu ráðherra að sjá ekki ástæðu til að hafa frumkvæði að því að íslenskt táknmál yrði viðurkennt af löggjafans hálfu sem móðurmál heyrnarlausra barna á leikskóla- og grunnskólaaldri. Haustið 2003 tók sæti á Alþingi Íslendinga, í fyrsta skipti, heyrnarlaus þingmaður. Af því tilefni ákvað ég að senda þingmanninum bréf þar sem ég greindi frá fyrri afskiptum mínum af málefnum heyrnarlausra barna um leið og ég hvatti þingmanninn til að beita sér fyrir bættari réttarstöðu þeirra. Á síðasta löggjafarþingi, veturinn 2003-2004, lagði þingmaðurinn, ásamt fleirum, fram frumvarp á Alþingi um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnardaufra og daufblindra. Málið varð ekki útrætt og hefur frumvarpið nú verið lagt fram að nýju.

Lengd viðvera í Öskjuhlíðarskóla

Á árinu 2001 bárust mér fyrst ábendingar frá Foreldra- og styrktarfélagi Öskjuhlíðarskóla um óviðunandi ástand í Öskjuhlíðarskóla, hvað varðar þjónustu við nemendur 5.-10. bekkjar að skóladegi loknum, í hinni svokölluðu skóladagvist. Fram kom að Reykjavíkurborg hefði greitt fyrir skóladagvist nemenda 5.-10. bekkjar skólans allt frá árinu 1993, þrátt fyrir að borgin teldi það ekki hlutverk sitt. Starfsemi skóladagvistunar fyrir þennan aldurshóp hefði því aldrei verið skilgreind sérstaklega, jafnvel þó að sterk hefð hefði skapast fyrir henni í skólanum og þörfin væri óneitanlega fyrir hendi. Þar eð borgin teldi það ekki skyldu sína að greiða fyrir þjónustuna hefði sama óvissuástandið skapast ár eftir ár fyrir þessi börn og fjölskyldur þeirra. Af þessu tilefni ákvað ég á árinu 2004 að senda bréf til félagsmálaráðherra þar sem ég skoraði á hann, sem ráðherra málefna fatlaðra, að hafa forgöngu um að skera á þann hnút sem myndast hefði um málefni þessara barna og fjölskyldna þeirra og finna á þeim framtíðarlausn. Nokkru síðar settust fulltrúar Reykjavíkurborgar og félagsmálaráðuneytis niður og sömdu um skiptingu kostnaðar vegna skóladagvistar nemenda 5.-10. bekkjar Öskjuhlíðarskóla á yfirstandandi skólaári.

Hafið þið hugleitt af hverju offita sé vandamál? Krakkarnir hafa einfaldlega ekki tíma til að hreyfa sig. Þau eru að drukkna í heimavinnu.
12 ára stelpa

Hvaða rétt hefur stelpa sem er 17 ára í sambandi við fóstureyðingu? Foreldrar hennar vilja að hún fari í fóstureyðingu en ekki ég og hún. Hver ræður?
17 ára strákur

Langveik börn

Óhætt er að segja að málefni langveikra barna hafi verið mikið til umræðu hjá ráðamönnum á undanförunum tíu árum. Loforð eru gefin og nefndir skipaðar, en hver er árangurinn af því starfi? Á árinu 2003 ákvað ég að láta gera úttekt, annars vegar á umræðum um málefni langveikra barna á Alþingi og hins vegar þeim aðgerðum er stjórnvöld hafa gripið til í kjölfarið og upplýst Alþingi um. Af þessari úttekt má ráða að það séu oft og tíðum sömu brotalamirnar á heilbrigðiskerfinu sem ræddar eru á Alþingi ár eftir ár. Helstu niðurstöður úttektarinnar eru:

... Eins og oft hefur verið minnst á hér að framan hefur margt áunnist í málefnum langveikra barna á því tíu ára tímabili sem kannað var, þ.e. 1992-2002, og er það afar ánægjulegt. Barnaspítali Hringins hefur risið, barnadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hefur fengið nýtt húsnæði, réttur aðstandenda langveikra barna til fjárstuðnings frá Tryggingastofnun hefur verið rýmkaður nokkuð, bannað er með lögum að segja upp starfsfólki vegna fjölskylduábyrgðar þeirra og opnað hefur verið nýtt hjúkrunarheimili (hvíldarathvarf) fyrir langveik börn, Rjóður.

Fjölmargin hefur því verið gert en ýmislegt er þó enn óunnið. Í þessum niðurstöðukafla verður fjallað um þau mál sem ekki hafa komist til framkvæmda en mér finnst vert að varpa ljósi á. Ekki er ætlunin að gefa tæmandi upptalningu í þeim efnum.

Á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vekur það athygli að allt frá árinu 1993 hefur margsinnis verið viðurkennd þörfin á auknum andlegum og félagslegum stuðningi fyrir langveik börn og ekki síður fyrir foreldra þeirra og aðra aðstandendur. Slík þjónusta er ekki fyrir hendi nema í mjög litlum mæli. Hvað varðar heilsugæsluna má nefna að þó að fagráði í skólaheilsugæslu hafi verið komið á fót er það ekki starfandi lengur vegna peningaskorts. Skipulagðri heilsugæsla hefur ekki verið komið á laggirnar í tengslum við framhaldsskóla landsins, sem hefur valdið því að langveik ungmenni hafa verulega takmarkaða möguleika á að stunda framhaldsnám. Við endurskoðun námskrár fyrir framhaldsskóla var sérstaklega hugað að langveikum nemendum, og er það vel.



Hvað varðar félagsmálin hafa langveik börn ekki fengið sömu réttarstöðu samkvæmt lögum og fötluð börn og hafa þar með ekki fengið að njóta sömu félagslegu þjónustu, þrátt fyrir að slíkar fyrirætlanir hafi verið uppi allt frá árinu 1993. Fram hefur komið að ástæðan fyrir því séu fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, og verður að telja það vonbrigði að ekki hafi náðst sátt um þetta mikilvæga hagsmunamál. Þau félagslegu úrræði sem sveitarfélögin hafa á sinni hendi og standa fötluðum börnum til boða eru utan seilingar langveikra barna vegna þessa. Má þar nefna stuðningsfjölskyldur, liðveislu, ráðgjöf á vegum leikfangasafna o.fl.

Á sviði menntamála má nefna að ekki hefur verið komið á aukinni fræðslu til kennaranema um langvinna barnasjúkdóma. Heimaskólun (sjúkrakennsla) langveikra barna sem ekki dveljast á sjúkrahúsum virðist vera mjög brotakernd. Ekki hafa fengist upplýsingar um stofnun eða starfsemi nefndar sem hafði það hlutverk að endurskoða reglugerð um sérfræðiþjónustu í skóla, þar sem fjalla átti sérstaklega um málefni langveikra barna og þá þjónustu sem þau ættu rétt á í grunnskólakerfinu. Hvað varðar heilsugæslu í skólakerfinu öllu virðist lítið hafa náð fram að ganga, samanber það sem sagt er hér að ofan í umfjöllun um heilbrigðis- og tryggingasviðið.

Úttektina sendi ég, á árinu 2004, nefnd um málefni langveikra barna og var í framhaldi af því boðuð á fund hennar. Nefndina skipa fulltrúar heilbrigðisráðuneytis, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis og er henni ætlað að fylgja eftir stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna.




Á fundinum var farið yfir stöðu málefna langveikra barna og aðstandenda þeirra með hliðsjón af úttekt embættisins. Ýmislegt fróðlegt kom þar fram og lýstu nefndarmenn vilja stjórnvalda til að hlúa enn betur að langveikum börnum hér á landi. Ég tel starf nefndarinnar ákaflega mikilvægt og til fyrirmyndar að þessi fjögur ráðuneyti skuli hafa slíkan samráðsvettvang og fagna ég því að unnið er að flestum þeim þáttum þjónustu við langveik börn er ég tel ábótavant samkvæmt framangreindri úttekt.

24. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Aðildarríki viðurkenna rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja og aðstöðu til læknismeðferðar og endurhæfingar. Aðildarríki skulu kappkosta að tryggja að ekkert barn fari á mis við rétt sinn til að njóta slíkrar heilbrigðisþjónustu.

23. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Aðildarríki viðurkenna að andlega eða líkamlega fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þess og stuðla að sjálfsbjörg þess og virkri þátttöku í samfélaginu.



Kaflí 7

Tómstundir – menning – fjölmiðlar
auglýsingar – markaðssetning



Ofbeldi er óhæfa

Eitt af því sem talið er til einkenna á frumstæðum þjóðum er að meðal þeirra beiti menn ofbeldi, þ.e.a.s. líkamlegu valdi eða kúgun, til að leysa ágreiningsefni sín og fá vilja sínum framgengt. Eitt af markmiðunum með siðmenntun mannkyns, sem birtist m.a. í siðferðisboðskap kristinnar kirkju, er að í stað þess að beita ofbeldi í skiptum sín á milli skuli menn sýna hver öðrum umburðarlyndi og leysa úr málum sínum með öðrum og skynsamlegri hætti.

Ofbeldi er því frumstæð hvöt, í hvaða mynd sem það birtist, og eitt af því sem við Íslendingar, er teljum okkur kristna og siðmenntaða þjóð, viljum að börn okkar og afkomendur forðist í samskiptum sínum og fordæmi í fari sjálfra sín og annarra. Við ættum því öll að geta verið sammála um að ofbeldi er óhæfa, þá ekki síst ofbeldi sem er fólgið í því að menn deyði og limlesti samborgara sína af meinfýsi einni saman, oft af litlu sem engu tilefni.

Það skýtur því vissulega skökku við að nú, á 21. öldinni, færist ofbeldi stöðugt í vöxt í samfélagi okkar. Engin einhlít skýring virðist vera á þessari óheillaþróun, en þó leikur enginn vafi á því í mínum huga að aukið ofbeldisefni í sjónvarpi er hluti af skýringunni.

Hlutverk umboðsmanns barna

Það er hlutverk umboðsmanns barna hér á landi að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra í samfélaginu. Umboðsmanni er ætlað að vekja athygli á réttinda- og hagsmunamálum barna jafnt á opinberum vettvangi sem og hjá einkaaðilum. Meðal annars skal umboðsmaður stuðla að því að þjóðréttarsamningar, er varða réttindi og velferð barna og fullgiltir hafa verið af Íslands hálfu, séu virtir.

Samkvæmt Barnasáttmálanum (BSSP) er barn sjálfstæður einstaklingur, með eigin mannréttindi, sem þarfnast sérstakrar verndar. Grundvallarsjónarmið BSSP er „velferð barnsins“.

Í 17. gr. BSSP er kveðið á um rétt barna til aðgangs að upplýsingum og um hlutverk

fjölmíðla í því sambandi. Þar kemur m.a. fram að barn á rétt á vernd fyrir skaðlegum upplýsingum.

Aðgerðir umboðsmanns barna

1995:

- Umboðsmaður barna gefur umsögn til Alþingis um frumvarp til laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum. Leggur áherslu á að ákvæði í EES-tilskipun um þessi mál verði tekin inn í lagatextann. Umboðsmaður leggur einnig til að menntamálaráðherra verði gert skylt að setja reglur um skoðun tölvuleikja og að nákvæmar verði kveðið á um það í lögum hver beri ábyrgð á því að farið sé eftir aldurstakmörkunum, bæði í kvikmyndahúsum og á myndbandaleigum, og einnig hvernig eftirliti skuli háttað.
- Í kjölfar fjölda ábendinga vegna auglýsinga í sjónvarpi frá kvikmyndahúsum og útgefendum myndbanda á bönnuðum kvikmyndum, sem sýndar voru í sjónvarpi á þeim tíma sem börn voru að horfa, beinir umboðsmaður því til Samkeppnisráðs að það grípi til þeirra úrræða sem það hefur lögum samkvæmt. Lítil viðbrögð af hálfu samkeppnisfirvalda.

1996:

- Umboðsmaður fær fjölmiðlafræðing til að gera könnun á útsendingartíðni ofbeldisefnis í sjónvarpi fyrir klukkan 22 á kvöldin.
- Umboðsmaður sendir menntamálaráðherra skýrslu um könnunina *Ofbeldi í sjónvarpi* og kynnir honum helstu niðurstöður hennar, en í ljós kom að á tveimur vikum haustið 1996 sýndu sjónvarpsstöðvarnar alls 96 auglýsingar um kvikmyndir sem voru bannaðar börnum og 14 bannaðar kvikmyndir fyrir kl. 22.00 á kvöldin, samkvæmt úrskurði Kvikmyndaskoðunar. Umboðsmaður hvetur ráðherra til að taka upp í lög þau atriði sem fjallað var um í umsögn umboðsmanns frá árinu 1995 um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum og hvetur ráðherra einnig til að stuðla að breytingu á útvarpslögum til verndar velferð barna í þessum efnum.
- Skýrsluna sendir umboðsmaður jafnframt til Samkeppnisráðs og ítrekar fyrri tilmæli sín um að það fylgi fyrirmælum samkeppnislaga fastar eftir.

Tilvitnanir í börn

Mér finnst að það ættu að vera fleiri kaffihús fyrir unglunga þar sem þeir geta fengið sér kók eða kakó og spjallað eins lengi og útivistartíminn leyfir.
16 ára strákur

Mér finnst að það eigi ekki að baktala aðra við einhverja inná svona Netsíðum. Mér finnst heldur ekki að maður eigi að vera að segja eitthvað leiðinlegt sem á að vera djók út af því að þetta er særandi fyrir suma og sumir taka þessu ekki sem gríni.
13 ára strákur



- Umboðsmaður heldur erindi á opnum fundi útvarpsréttarnefndar í október. Yfirskrift erindisins er *Ofbeldi er óhæfa – stillum saman strengi gegn því*.

1997:

- Umboðsmaður stofnar til samstarfs við Félag íslenskra barnalækna um útgáfu bæklingis fyrir foreldra og starfsfólk í ungbarnaeftirliti, þar sem vakin er athygli á skaðsemi ofbeldisefnis í sjónvarpi fyrir ung börn.
- Menntamálanefnd Alþingis óskar eftir umsögn umboðsmanns um frumvarp til laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum. Efnislega er frumvarpið í meginatriðum samhljóða tillögum þeim sem umboðsmaður hafði sent menntamálaráðherra í kjölfar útkomu skýrslunnar *Ofbeldi í sjónvarpi*. Umboðsmaður mætir á fund nefndarinnar og fagnar fram komnu frumvarpi, en það nær ekki fram að ganga.

1998:

- Bæklingur umboðsmanns og barnalæknanna kemur út snemma á árinu. Honum er afar vel tekið og er enn þann dag í dag dreift til foreldra í tengslum við ungbarnavernd heilsugæslustöðva um land allt.

1999:

- Frumvarp til nýrra útvarpslaga er lagt fram á Alþingi. Umboðsmaður sendir menntamálanefnd umsögn sína. Ný útvarpslög eru samþykkt, nr. 53/2000. Athugasemdir umboðsmanns teknar til greina að mestu leyti. Þær varða m.a. orðalag ákvæðis um *vernd barna og unglunga* gegn skaðlegum áhrifum sjónvarpsefnis og leggur umboðsmaður til að orðalagi verði breytt á þann veg að það samræmist betur ákvæðum EES-tilskipunar um þessi mál og veiti börnum aukna vernd, sem og að í lögunum verði að finna sérstakt ákvæði um viðurlög við broti á ákvæði laganna um vernd barna og unglunga.

2000:

- Vegna fjölda ábendinga sem enn berast umboðsmanni barna um myndefni með klámi eða tilefnislausu ofbeldi, sem er á dagskrá sjónvarpsstöðvanna á þeim tíma sem ung börn eru við skjáinn, skrifar umboðsmaður menntamálaráðherra og óskar upplýsinga um hvenær vænta megi þess að nánari reglur um vernd barna og unglunga á grundvelli 14. gr. nýrra útvarpslaga líti dagsins ljós. Jafnframt spurt hvort lagaákvæðið hafi sérstaklega verið kynnt fyrirvarsmönnum sjónvarpsstöðva, sem eiga að sjá til þess að því sé framfylgt.

2001:

- Erindi umboðsmanns til menntamálaráðherra frá árinu 2000 ítrekað og jafnframt óskað upplýsinga um hvort og þá hvenær standi til að settar verði reglur til verndar börnum og unglingum um skoðun gagnvirkra tölvuleikja, sbr. 11. gr. laga nr. 47/1995 um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

2003:

- Menntamálaráðherra setur reglugerð um útvarpsstarfsemi þar sem m.a. er ákvæði þess efnis að sjónvarpsstöðvum sé óheimilt að senda út dagskráefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi fyrir kl. 23.00. Umboðsmaður fagnar þessu, en þar sem umboðsmanni berast enn ábendingar um ofbeldi og klám í sjónvarpi, skrifar umboðsmaður menntamálaráðherra og útvarpsréttarnefnd og bendir á mikilvægi þess að framangreint ákvæði sé kynnt rekstraraðilum sjónvarpsstöðva.
- Útvarpsréttarnefnd framsendir bréf umboðsmanns til rekstraraðila sjónvarpsstöðva, ásamt tilmælum til þeirra um að fara að lögum hvað þetta varðar.
- Umboðsmaður hvetur menntamálaráðherra til að setja reglur um skoðun tölvuleikja. Svör berast um að ráðherra vilji bíða fram yfir alþingiskosningar vorið 2003 með að taka slíka ákvörðun.

2004:

- Umboðsmaður barna fer á fund nýs menntamálaráðherra til að ræða ýmis mál, er undir ráðuneytið falla og varða börn og unglunga. Meðal umræðuefna eru ákvæði útvarpslaga um sýningartíma ofbeldisefnis í dagskrá, sem og auglýsingum. Umboðsmaður bendir á að reglur um sýningartíma séu skýrar, en fæstir fari eftir þeim. Þá var rætt um þörf á reglum um skoðun tölvuleikja. Ráðherrann ætlar að skoða málið.

Ábyrgð útgefenda, framleiðenda og dreifingaraðila myndefnis

Útgefendur, framleiðendur og dreifingaraðilar myndefnis bera mikla ábyrgð á öllu því ofbeldisefni sem nú fyrirfinnst í hvers kyns myndmiðlum. Hvað er til ráða í þeim efnum? Stjórnáráðgjafi, sem og aðrir áhrifamenn í þjóðfélaginu, geta komið góðu til leiðar, en ekki síður almenningur sem verður að láta í sér heyra þegar siðferðisvitund hans er nóg boðið.

Við þurfum alltaf að fremja eitthvað vont af okkur, til þess að fjölmiðlar hafi áhuga á því hvað við höfum að segja. Þetta slæma, sem sumir gera, er stórfrétt, en hið góða sem við hin gerum, er eitthvað sem þykir ómerkilegra en hitt.
13 ára stelpa

Hér úti á landi höfum við líka ekki sömu aðstöðu og þeir sem búa í Reykjavík til að hanga niðri í miðbæ og paufast á rúntinum með einhverjum fyllibyttum eftir að skemmtistöðunum er lokað.
15 ára krakkar

Það þarf að auka skemmtanir (diskótek) fyrir unglunga!!!!!!
14 ára strákur

Ég á heima lengst í burtu frá öllu og öllum svo að það er ekkert að gera hér. Ég legg til að það sé SKYLDA í öllum bæjum að það verði að vera félagsmiðstöð!!!!!! Allir krakkarirnir hér vilja það!!!
13 ára stelpa



Fræðsla í skólum

Það er skoðun mín að í skólum eigi að leggja meiri áherslu á siðfræði- og heimspekikennslu. Skólinn eigi að rækta sjálfstæða hugsun og heilbrigða skynsemi hjá nemendum sínum strax á unga aldri og styrkja þannig sjálfsmynd þeirra og þroska gildismatið – þannig að þau hafni hvers kyns ofbeldi og láti það ekki líðast.

Ábyrgð foreldra

Velflest börn á Íslandi alast upp í návist þess öfluga miðils sem sjónvarpið er og almennt séð eru börn duglegir og dyggir sjónvarpsáhorfendur. Sum börn byrja að veita sjónvarpinu athygli við mjög ungan aldur – jafnvel sex mánaða. Við tveggja til þriggja ára aldur eru þau upp til hópa reglulegir áhorfendur.

Ákveðinn hópur barna og ungmenna býr því miður við þær heimilisaðstæður að margir neikvæðir þættir, svo sem heimilisofbeldi, eru til staðar í tilveru þeirra, samband þeirra við fullorðna er lítið og sjálfsmyndin í molum. Slíkum börnum og ungmönnum er sérstaklega hætt við að líta á hvers kyns ofbeldi sem eðlilegan þátt í tilverunni. Þessi börn þurfa á sérstakri vernd að halda. Ung börn eru líka sérstakur áhættuhópur

Stillum saman strengi gegn ofbeldi

Ofbeldi er óhæfa í nútímasamfélagi. Í baráttunni gegn þessum vágesti þarf samstillt átak okkar allra. Einn liðurinn í þeirri baráttu er að draga verulega úr ofbeldi í sjónvarpi og öðrum ljósvakamiðlum. Fyrsta skrefið í þá átt er að hætta algjörlega að sýna ofbeldisefni á þeim tíma þegar börn okkar og barnabörn horfa helst á sjónvarp, þ.e.a.s. fyrir kl. 22.00 á kvöldin. Þrátt fyrir ólík viðhorf og mismunandi hagsmuni ættu allir, jafnt stjórnvöld, hagsmunaaðilar sem og almenningur, að geta tekið höndum saman um að þessi sjálfsgöða regla verði tekin upp og hún virt. Mín skoðun er sú að í flestum tilvikum ætti að vera auðvelt að stemma stigu við ofbeldinu en hér gildir sú gullvæga regla: **Vilji er allt sem þarf.**

17. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Aðildarríki viðurkenna mikilvægi fjölmiðla, og skulu þau sjá um að barn eigi aðgang að upplýsingum og efni af ýmsum uppruna frá eigin landi og erlendis frá, einkum því sem ætlað er að stuðla að félagslegri, andlegri og siðferðilegri velferð þess, og líkamlegu og geðrænu heilbrigði. Aðildarríki skulu í þessu skyni:

...

e) Stuðla að því að mótaðar verði viðeigandi leiðbeiningareglur um vernd barns fyrir upplýsingum og efni sem skaðað getur velferð þess ...

22. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993

Auglýsingar, sem höfða eiga til íslenskra neytenda, skulu vera á íslenskri tungu. – Auglýsingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla. – Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim. – Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirnri barna og unglinga og áhrifa á þau. – Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.

14. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000

Sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskráartíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni.

Dagskrárefni, sem ekki er talið við hæfi barna, sbr. 1. mgr., skal jafnframt einungis sýnt á þann hátt að tryggt sé með tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Þegar slíkt dagskrárefni er sent út skal fara á undan því munnleg viðvörðun eða það auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsendingin stendur yfir. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

Mér finnst að það ætti að banna að tala ljótt um aðra inn á Netinu eða á MSN. 13 ára strákur

Það er ekki nægilegt framboð af menningu fyrir ungt fólk. Mér finnst vanta meiri tækifæri til að leika sér bara. 12 ára strákur

Mér finnst vanta meira af stöðum sem fólk á aldrinum 16-18 ára getur hist og skemmt sér á. Allt er bannað innan 18 fyrir utan skólaskemmtanir. Vantar stað þar sem fólk getur hist og hlustað á músík og spilað, dansað og fleira. 16 ára stelpa

Vinkonur mínar eru svo oft að ljúga að mér og hunsu mig og þeim er alveg sama um það. Þær leika sér og vilja ekki hafa mig með. 11 ára stelpa



13. gr. reglugerðar um útvarpsstarfsemi, nr. 50/2002

Sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út auglýsingar, sem gætu haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi auglýsingar sem fela í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskráartíma sem hættu er á að börn sjái.

Útvarpsauglýsingar skulu þannig gerðar og fluttar að þær valdi ekki börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Í útvarpsauglýsingum er óleyfilegt að:

- hvetja börn til þess að kaupa vöru eða þjónustu með því að notfæra sér reynsluleysi þeirra eða trúgírni,
- hvetja börn til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vöru eða þjónustu sem auglýst er,
- notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem börn bera til foreldra, kennara eða annars fólks,
- sýna börn að tilefnislausu við hættulegar aðstæður.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um fjarsölubætti. Í slíkum þáttum er óleyfilegt að hvetja börn til þess að gera samninga um kaup eða leigu á vöru eða þjónustu.

21. gr. reglugerðar um útvarpsstarfsemi, nr. 50/2002

Sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út dagskrárefni, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskráartíma sem hættu er á að börn sjái viðkomandi efni eða fyrir kl. 23.

Dagskrárefni, sem ekki er talið við hæfi barna, sbr. 1. mgr., skal jafnframt einungis sýnt á þann hátt að tryggt sé með tæknilegum ráðstöfunum svo sem með læsingu útsendrar dagskrár að börn á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Þegar slíkt dagskrárefni er sent út skal fara á undan því munnleg viðvörðun eða það auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsendingin stendur yfir.

Markaðssetning banka gagnvart börnum

Markaðssetning er beinist að börnum og unglíngum hefur færst í vöxt á síðustu árum. Af þessu tilefni hafa mér borist fjöldamörg erindi frá foreldrum, sem og öðrum, er þykir fyrirtæki, og þá ekki síst viðskiptabankar og sparisjóðir, seilast of langt í markaðsstarfi sínu gagnvart börnum og unglíngum. Í gegnum tíðina hef ég unnið talsvert að þessum málum. sbr. árlegar skýrslur mínar til forsætisráðherra, sem m.a. eru birtar á heimasíðunni www.barn.is. Til fróðleiks og upprifjunar birti ég hér svarbréf mitt til foreldris sem óskaði eftir að ég „léti til mín taka“ í þessum efnum hvað varðar bankana.

Bréf mitt er svohljóðandi:

Í erindi þínu, sem barst mér með tölvupósti 5. þessa mánaðar, óskar þú eftir að ég láti til mín taka málefnið: *Markaðssetning banka gagnvart börnum*. Þá spyrð þú hvort slík markaðssetning sé andstæð gildandi lögum.

Börn verða lögráða, þ.e. sjálfráða og fjárráða, 18 ára gömul, en fram að þeim aldri lúta þau forsjá foreldra eða annarra forráðamanna. Í 75. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, segir m.a.:

- Ófjárráða maður ræður ekki fé sínu nema lög mæli á annan veg.
- Ófjárráða maður **ræður sjálfur sjálfsaflafé sínu** sem hann hefur þegar unnið fyrir. Maður, sem sviptur hefur verið fjárræði, ræður þó aðeins því sjálfsaflafé sem hann hefur unnið sér inn eftir að úrskurður gekk um sviptingu fjárræðis.
- Ófjárráða maður **ræður sjálfur gjafafé sínu**, þar með töldum dánargjöfum, nema gefandi hafi mælt fyrir á annan veg eða lög kveði sérstaklega öðruvísi á um. ...

Samkvæmt ákvæðinu ráða börn undir 18 ára aldri því **sjálfsaflafé** sínu, en með því er fyrst og fremst átt við það fé sem hinn ófjárráða hefur unnið sér inn með persónulegri vinnu sinni, og **gjafafé**, en það er fé, sem hinn ófjárráða hefur fengið að gjöf.



Innan þess ramma, sem settur er með lögræðislögum geta bankastofnanir athafnað sig og eru viðskipti barna við bankana því **ekki andstæð lögum**. Ef um er að ræða sjálfsaflafé eða gjafafé barnanna geta bankarnir því tekið við því og lagt inn á reikninga barnanna. Hins vegar er ófjárráða einstaklingum óheimilt að skulda fé án samþykkis lögráðamanna og eftir atvikum yfirlögráðanda. Um frekari takmarkanir á ráðstöfunarrétti vísast til 5. mgr. 75. gr. nefndra laga.

Annað mál er síðan hvernig unnið er úr þessum reglum, sem fram koma í lögræðislögum, en árið 1996 sendi ég fyrirspurn til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og óskaði upplýsinga um afskipti þess af þeirri þjónustu sem viðskiptabankar og sparisjóðir bjóða börnum og unglingum. Svar bankaeftirlitsins sendi ég til umsagnar Sambands íslenskra viðskiptabanka, **SÍV**, og Sambands íslenskra sparisjóða, **SÍSP**, sjá skýrslu umboðsmanns barna til forsætisráðherra; SUB: 1996, bls. 52-54. Í kjölfar þessa var stofnaður vinnuhópur, sem í áttu sæti fulltrúar aðila SÍV og SÍSP, um samningu draga að **verklagsreglum um stofnun og meðferð bankareikninga ólögráða einstaklinga**. Drög að viðmiðunarreglum lágu fyrir í lok árs 1997 og voru bankar og sparisjóðir hvattir til að setja, sem fyrst, verklagsreglur á grundvelli þeirra, sjá SUB: 1997, bls. 54-57.

Árið 2000 sendi ég fyrirspurn til lögræðideilda viðskiptabankanna og spurðist fyrir um, hvort bankarnir hefðu formlega sett sér slíkar verklagsreglur. Flestir bankarnir höfðu þá þegar gert það. Í reglum bankanna er almennt miðað við að **leita skuli eftir samþykki forráðamanna þegar börn eru 11 ára eða yngri**, en barn á aldrinum 12-18 ára getur stofnað bankareikning án atbeina forráðamanna ef um er að ræða sjálfsafla- eða gjafafé þeirra, sjá SUB: 2000, bls. 62-63. Að senda markpóst á nafn 8 ára barns er ekki í samræmi við framangreindar verklagsreglur og ég hef lýst þeirri skoðun minni, að hafi bankastofnanir í hyggju að senda slíkan póst til ungra barna, skuli hann fortakslaust sendur á nöfn foreldra þeirra, sem sjá þá um að velja og hafna fyrir hönd barnsins.

Það færist stöðugt í vöxt að ýmiss konar tilboðum og auglýsingum sé beint að börnum og unglingum og hafa mér borist ótalmörg erindi frá foreldrum og öðrum,

sem þykir of langt seilst í þessum efnunum. Ég hef tekið undir þetta og m.a. komið á bændingum á framfæri við Samkeppnisstofnun, sjá nánar SUB: 2000, bls. 65-67. Engar reglur hafa þó verið settar af hálfu hins opinbera um það hvernig fyrirtæki skuli bera sig að þegar í hlut eiga börn og unglingar. **Engar opinberar reglur eru til sem segja að fyrirtæki megi ekki senda t.d. auglýsinga- eða markpóst til barna**. Ég hef margkallað eftir því að settar verði leiðbeiningarreglur um þessi mál, sjá SUB: 1999, bls. 65-67, og SUB: 2000, bls. 67-69.

Í 22. grein samkeppnislaga, nr. 8/1993, er að finna ákvæði um börn og auglýsingar. Það ákvæði er ágætt, svo langt sem það nær, en alveg er augljóst að það dugar ekki eitt og sér til verndar börnum. Ég hef því ítrekað bent viðskiptaráðherra á nauðsyn þess að nýta reglugerðarheimild samkeppnislaga, og setja nánari reglur um beitingu þessa lagaákvæðis, svo að börn fái notið þeirrar lágmarksverndar sem réttur þeirra stendur til, sbr. 17. gr. Barnasáttmálans. Jafnframt hef ég kynnt fyrir ráðuneytinu bækling frá umboðsmanni neytenda í Danmörku og spurt, hvort vilji væri af hálfu ráðuneytisins til að láta þýða þennan bækling og staðfæra, en hann hefur að mínu áliti að geyma mjög gagnlegar leiðbeiningar varðandi börn og markaðssetningu.

Skemmst er frá því að segja að **ráðherra hefur ekki talið þörf á nánari reglum eða leiðbeiningum um auglýsingar og markaðssetningu er beinast að börnum**. Í svarbréfi viðskiptaráðuneytisins við framangreindu erindi mínu kom fram að leitað hefði verið álits auglýsinganefndar Samkeppnisstofnunar og hefði það verið samhljóða niðurstaða nefndarmanna að **ekki væri ástæða til að setja frekari reglur um börn og auglýsingar en þær sem fram koma í samkeppnislögum. Undir þetta tók viðskiptaráðuneytið**, sjá SUB: 2001, bls. 77-79.

Viðbrögð ráðuneytisins ollu mér miklum vonbrigðum, en ég mun halda áfram að hafa afskipti af þessum málum, enda tel ég fulla þörf á því, þar sem markaðssetning fyrirtækja, bankanna sem og annarra, færist æ neðar í aldri, sem er ótækt að mínu mati. Það er hins vegar ákaflega mikilvægt að foreldrar og aðrir er láta sig málefni

barna varða séu á verði og fylgist með því efni sem hin ýmsu fyrirtæki, beina að börnum þeirra. Eins og málum er háttað í dag er það helsta leiðin til að halda markaðssetningunni í skefjum og þannig vernda börn fyrir áhrifum hennar þar eð ekki liggur fyrir vilji af hálfu valdhafa til að betrumbæta ástand þessara mála, sbr. framanritað.

Eins og þegar er fram komið má finna nánari upplýsingar um afskipti mín af þessu málefni á heimasíðu embættisins, www.barn.is, í skýrslum mínum til forsætisráðherra.

Með bestu kveðju,
Þórhildur LINDAL

Á miðju ári 2004 óskaði ég, skriflega, eftir upplýsingum frá öllum markaðsdeildum/-sviðum banka og sparisjóða, um hvort hlutaðeigandi hefði sett sér sérstakar vinnureglur um markaðssetningu sem beint er að börnum. Væru þær vinnureglur til óskaði ég eftir að fá þær sendar, ef ekki þá óskaði ég eftir afstöðu bankans/sparisjóðsins til setningar slíkra reglna og hvort áform væru uppi um slíkt.

Engin viðbrögð hafa orðið við þessari beiðni minni.

Þú getur líka lent í Netinu!

Fjöldi krakka hefur lesið um sig niðrandi ummæli á Netinu og liður illa yfir því

Myndir þú ...	Vissir þú ...	Vildir þú ...
... segja við manneskju allt sem þér finnst um hana, niðurlægja hana hvað eftir annað og láta svo eins og þú hafir aldrei sagt það? - Það er auðveldara að tja nafnlusur skoðunir á Netinu heldur en að segja hlutina beint út.	... að öðru mannesiðir gilda á Netinu og í daglegum samskiptum? ... að það er ólöglegt að skrifa undir í annarra manna nafni? ... að svareldingar eru andlegt ofbeldi?	... fá sendurtekur athugasemdir um þig; útlitsgalla, persónugalla og einkalíf þitt? ... sjá öllum þínum dýptu leyndarmálum upplýstarað á Netinu?
... koma fram í sjónvarpi og rakka ákveðna manneskju niður? - Þú heglar þér hléuvísi í skjóli nafnleyndar. Allt sem þú ert á Netinu er opinbert.	... að einelti til langtíma leiðir til þunglyndis og annarra andlegra og félagslegra kvilla? ... að það er hægt að rekja margt af því sem skrifað er á Netinu?	... lenda í því að þurfa að biðja þolandan aðsóunar fyrir framan foreldra þína, foreldra hans þennar og skólalærendur vegna gjörða þinna?
... leggja einstakling í einelti vísitandi? - Sendurtekur svareldingar eru einelti.	... að hægt er að reisa þér með sektum eða fangelsisvist farir þú yfir stríkið? - Opnberar svareldingar eru refsiverðar samkvæmt lögum.	... að lögreglurni, lögfræðingum, barnavarnardarnefnd og jafnvel fleirum sé blandað í málið?
... vilja að mynd af þér, t.d. í sturtu, væri dreift á Netinu? - Þú ert rétt til friðhelgi einkalífs, sjá 71. gr. stjórnskrárlinnar.	... að þú nýtur tjáningarfriðhelgi þú ert ábyrgtur orða þú? - Sjá 71. gr. stjórnskrárlinnar.	... upplifa allt þetta uppþot, t.d. vegna „saklausrar“ athugasemdar sem þú skrifaðir á Netinu um annan einstakling?

Reykjavík, 24. nóvember 2004
Tilvísun UB 0411/4.1.4.2

Ágæti skólalastjóri,

Hér með sendist skólanum þínum veggspjald sem ber yfirskriftina: **Þú getur líka lent í Netinu** – fjöldi krakka hefur lesið um sig niðrandi ummæli á Netinu og liður illa yfir því.

Fyrsta eintak þessa veggspjalds var afhent formanni nemendaráðs Hagaskóla í Reykjavík fyrir í dag, að viðstöddum nemendum, starfsmönnum skólans og fjölmiðlafólki.

Texti veggspjaldsins var tekinn saman af tveimur ungum stúlkum, en sú þriðja sá um hönnun þess. Allar voru þær nemendur í 10. bekk Hagaskóla þegar ég, sem umboðsmaður barna, leitaði eftir samvinnu við þær um gerð samskiptareglna á Netinu. Árangurinn liggur nú fyrir í formi veggspjalds sem fylgir hér með í tveimur eintökum.

Hér með óska ég eftir að þessu veggspjaldi verði komið fyrir á áberandi stað innan veggja skólans þannig að nemendur geti kynnt sér efni þess og fylgt þeim boðskap sem þar er að finna, í samskiptum sínum við aðra á Netinu.

Með vinsemi og virðingu,

Þórhildur Lindal

Samrit sent:
Félagsmiðstöðvar
Bókasófn

„Ogð er fuql: Þegar þú hefur verið sleppt getur en“

Markaðssetning sem beint er að börnum:


FRÉTTATILKYNNING FRÁ UMBOÐSMANNI BARNA

Í ljósi umræðu síðustu daga varðandi markaðssetningu, sem beint er að börnum og unglingum og áhrif fjölmiðla á ímynd ungs fólks, vill umboðsmaður barna taka fram:

Umboðsmaður barna hefur í gegnum tíðina staðið í bréfaskiptum við iðnaðar- og viðskiptaráðherra, menntamálaráðherra, útvarpsréttarnefnd, samkeppnis-stofnun, dómsmálaráðherra og ýmsa aðra opinbera, sem og einkaaðila, og skorað á þá að huga að þessum málum um leið og bent hefur verið á mikilvægi þess að vernda börnin gegn mögulegum skaðlegum áhrifum útvarpsefnis, sjónvarpsefnis, tölvuleikja og auglýsinga, er sýna klám, tilefnislaust ofbeldi og bera boðskap sem getur talist skaðlegur börnum. Ekki hefur verið vilji hjá stjórnvöldum til að taka þessi mál nægilega föstum tókum í samræmi við augljósan vilja löggjafans, sem er að vernda börnin gegn óæskilegum áhrifum útvarps- og sjónvarpsefnis, þ. á m. auglýsinga.

Umboðsmaður hefur þó margítrekað skorað á stjórnvöld að setja ítarlegri almennar reglur um lágmarksvernd barna yngri en 18 ára fyrir markaðssetningu og auglýsingum, sem beint er að þeim í æ ríkari mæli. Telur umboðsmaður slíkar reglur vera í samræmi við 17. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Nánari upplýsingar um afskipti umboðsmanns barna af þessum málum, sem og öðrum, er að finna í ársskýrslum umboðsmanns barna á heimasíðu embættisins, www.barn.is.



Kaflí 8 Öryggismál og atvinnuþátttaka



Heilbrigðisráðherra setti á laggimar tilraunaverkefni varðandi slysavarnir barna eftir tillögu frá umboðsmanni barna o.fl. Markmiðið var að fækka slysum á börnum og koma á samræmdri skráningu á slysum á börnum og unglingum.

Blaðburðarbörn – gangur málsins –

Allt frá stofnun embættis umboðsmanns barna hefur umboðsmaður beitt sér fyrir því að blaðburðarbörn fái notið lögvarinna lágmarksréttinda til jafns við aðra launþega.

1995
Umboðsmaður barna sendi fyrirspurn til allra dagblaðanna um réttindi blaðbera.

1998
Ábendingar vegna kjara blaðbera bárust enn, því sendi umboðsmaður aftur bréf til allra dagblaðanna með ýmsum spurningum um kjör þessa hóps.

2000
Stéttarfélag og Samtök atvinnulífsins (SA) gerðu samkomulag um að skipa nefnd sem skoði gerð kjarasamnings vegna blaðbera. Umboðsmaður spurði um skipan nefndarinnar. Ekkert hafði gerst í málinu.

2001
Ekkert gerðist enn í málinu þrátt fyrir ítrekaða hvatningu umboðsmanns til stéttarfélaganna og SA um að gera kjarasamning vegna blaðbera.

2002
Umboðsmaður hvatti SA enn og aftur til að standa við samkomulagið um gerð kjarasamnings vegna blaðbera.

2003
Umboðsmaður sendi bréf til félagsmálaráðherra ásamt yfirliti yfir aðgerðir sínar í þágu blaðburðarbarna. Ráðherra hvattur til að beita sér fyrir því að réttindi blaðburðarbarna verði tryggð.

2004
Málið rætt á Alþingi.

Samfélagið allt ber ábyrgð á því að börn búi við góð uppvaxtarskilyrði, þar á meðal öryggi í leikumhverfi sínu. Ýmis lög og reglur eru til sem er ætlað að tryggja að börn njóti réttinda til þess að alast upp í örvandi og öruggu umhverfi. Lög og reglur veita þó ekki nægilegan stuðning nema þeim sé vel og markvisst fylgt eftir í framkvæmd. Framkvæmdin skiptir hér sköpum og ekki síst sá þáttur er lýtur að eftirlitinu, sem oft og tíðum er veikasti hlekkurinn hvað þetta varðar.

Foreldrum ber skylda til að vernda heilsu barna sinna og búa þeim gott og öruggt umhverfi. Það fer síðan eftir ýmsu hversu færir þeir eru til að rækja þessa skyldu sína. Þar geta skipt máli þættir eins og þekking foreldranna, lífsviðhorf þeirra og áhugi, en einnig ýmsir þættir af bæði félagslegum og efnahagslegum toga.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Mikilvægasti stuðningurinn við kröfuna um rétt barna til þess að alast upp í öruggu umhverfi fékkst með fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (BSSP).

Í 3. gr. BSSP er að finna eina af grundvallarreglum hans þar sem fram kemur að í öllum málum, er varða börn, skuli hagsmunir barnsins sjálfs og það sem því er fyrir bestu ætíð haft að leiðarljósi.

Í 31. gr. BSSP er kveðið á um rétt barns til hvíldar og tómsunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.

Í 24. gr. BSSP er lögð sú skylda á herðar aðildarríkjum sáttmálans, þar á meðal íslenska ríkinu, að sjá svo um að allir, einkum þó börn og foreldrar, séu vel upplýstir um almennt öryggi barna, ekki síst slysavarnir þeirra. Einnig að börn og foreldrar eigi aðgang að fræðslu og fái aðstoð við að beita grundvallarþekkingu, m.a. í slysvörnum. Í þessu ákvæði er lögð áhersla á mikla ábyrgð sem hinar ýmsu stofnanir samfélagsins bera á sviði slysavarna.

Segja má að leikþörfin sé ein af grundvallarþörfum barnsins; öll börn verða að fá útrás fyrir þessa þörf, og gildir þá einu við hvaða uppeldisaðstæður þau búa. Leikurinn er barninu lífsnauðsynlegur til þess að það þroskist og dafni, kynnist lífinu og tilverunni og læri að verða þátttakandi í mannlegu samfélagi. Sú staðreynd blasir hins vegar við að það umhverfi sem mætir barninu er gjarnan umhverfi hinna fullorðnu, þ.e. umhverfi sem miðast við forsendur fullorðinna. Þegar nánasta umhverfi okkar er skipulagt höfum við, hin fullorðnu, mikla tilhneigingu til þess að gleyma sjónarhorni barnsins. Að fá að leika sér í góðu og öruggu umhverfi er þó hluti af grundvallarmannréttindum allra barna, eins og ákvæði BSSP mæla fyrir um og íslenska ríkið er skuldbundið til að virða.

Þegar ég tók við embætti umboðsmanns barna fyrir rétt tæpum tíu árum ákvað ég fljótlega að beita mér sérstaklega fyrir eflingu slysavarna og öryggi barna almennt séð, þar eð ljóst var að slys á börnum eru alltof tíð hér á landi. Við nánari skoðun mína á öryggismálum barna varð ég þess áþreifanlega vör að skráning á barnaslysum var engan veginn með viðunandi hætti hér á landi. Skoðun mín er og hefur verið sú að kerfisbundin og samræmd slysskráning, sem ná til landsins alls, sé forsenda þess að unnt verði að fækka slysum á börnum með markvissum, fyrirbyggjandi aðgerðum.

Vitað er að fyrir flest börn er bernskan áhættuskeið, en þarf svo endilega að vera? Eru slys og áverkar það gjald, sem barn þarf að greiða til þess að læra á veröld okkar, hinna fullorðnu? Fullyrt er að hluti af þroskaferli barna sé að reka sig á til þess að verða nokkurs fróðari um lífið. Það er hins vegar óþarfi og í raun óþolandi að þau þurfi að kaupa þessa lífsreynslu svo dýru verði sem raun ber vitni. Þess vegna er afar brýnt að skapa börnum öruggara umhverfi og draga þar með úr hættu á alvarlegum slysum, en slys á börnum hérlendis hafa verið mun tíðari en þekkest í nágrannalöndum okkar. Sú skylda hvílir því á stjórnvöldum að grípa til viðeigandi ráðstafana, ekki síst með því að skipuleggja slysavarnir í þágu barna á markvissan hátt svo raunverulegur árangur náist, og um leið skylda okkar, hinna fullorðnu, við þau. Það er óyggjandi réttur barnanna.

Öryggisreglur um sundstaði, sem börn sækja mikið, hafa fengið lagastoð, m.a. vegna afskipta umboðsmanns barna.

Slysatryggingar – gangur málsins –

Erindi barst umboðsmanni barna þar sem bent var á þá staðreynd að börn á aldrinum 7-15 ára væru yfirleitt ekki slysatryggð við æfingar eða keppni utanhúss á vegum íþróttahreyfingarinnar.

1995

Umboðsmaður óskaði eftir upplýsingum frá Íþróttasambandi Íslands (ÍSí) um fjölda barna sem slasast hefðu við æfingar eða í keppni á vegum íþróttahreyfingarinnar undanfarin 5-10 ár. Umbeðnar upplýsingar lágu ekki fyrir. En ÍSí skipaði nefnd í kjölfarið.

2002

Á árunum 1996-2002 héldu áfram að berast ábendingar og fyrirsurnir varðandi slysatryggingar barna og unglunga við íþróttaiðkun. Umboðsmaður barna ákvað því að taka málið upp aftur og óskaði eftir upplýsingum frá ÍSí um stöðu málsins.

2003

ÍSí lýsti sig reiðubúið að gera almenna könnun á stöðu tryggingamála íþróttafélaga. Var ekki framkvæmd, en ÍSí kannaði þó hversu mörg íþróttafélög hefðu keypt slysatryggingar. Umboðsmaður barna fór á fund til ÍSí þar sem niðurstöður voru kynntar. Ekki algengt að íþróttafélög séu með tryggingar vegna barna. Umboðsmaður itrekaði þá skoðun sína að börn ættu að vera tryggð við íþróttaiðkun.

Allt frá árinu 1995 hef ég bent á mikilvægi samræmdrar skráningar á barnaslysum. Hvatti ég slysavarnaráð, sbr. lög 33/1994, til að móta reglur sem miðuðu að því að slys væru skilmerkilega skráð og sú skráning væri samræmd. Benti ég á nauðsyn slíkrar samræmdrar skráningar til að ná því markmiði að fækka slysum á börnum og gera forvarnir um leið markvissari og þýðingarmeiri en áður. Þá stóð ég jafnframt í bréfaskiptum við landlækni og heilbrigðisráðherra vegna þessa máls. Vinna var fljótlega hafin við samræmingu skráningarinnar og hófst formleg skráning í apríl árið 2002. Frá upphafi skráningar hafa nýjar grundvallarupplýsingar úr Slysskrá Íslands verið birtar á vef Landlæknisembættisins þar sem þær eru aðgengilegar öllum.

Árið 1997 fór ég á fund heilbrigðisráðherra, ásamt formanni Félags íslenskra barnalækna og þáverandi barnaslysafulltrúa Slysavarnafélags Íslands, til að kynna fyrir ráðherra hugmynd að tilraunaverkefni, sem nefnt var „Eflum forvarnir – fækkum slysum á börnum“. Hugmyndin laut að því að verkefni um eflingu og samhæfingu forvarna í slysavörnum, í þeim tilgangi að fækka slysum á börnum yngri en 18 ára, yrði komið á laggirnar til þriggja ára. Lagt var til að helstu þættir verkefnisins yrðu að fylgjast með samræmdri skráningu á barnaslysum, úrvinnslu þeirra upplýsinga og útgáfu á slysatölum, að veita opinberum aðilum ráðgjöf um slysavarnir, annast fræðslu- og upplýsingagjöf til einstaklinga um slysavarnir og öryggi barna og hafa til sýnis búnað, sem stuðlar að bættu öryggi barna í umhverfi þeirra. Nokkru síðar samþykkti ríkisstjórnin tillögu heilbrigðisráðherra um þriggja ára átaksverkefni til fækkunar slysa á börnum og unglungum. Tillaga ráðherra var byggð á framangreindri hugmynd minni um átak til að fækka slysum á börnum. Skipuð var verkefnisstjórn í apríl 1998 og hófst undirbúningur og skipulagning starfsins í framhaldi af því. Talið var rétt að finna verkefninu sérstakt nafn, m.a. til að auðvelda kynningu þess, og varð nafnið Árvækni fyrir valinu. Tilraunaverkefnið var framlengt og hefur nú öðlast fastan sess innan Lýðheilsustöðvar.



Kafla 9 Barnasáttmálinn – 12. gr.



I. mgr. 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna:

Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Eitt helsta markmið Barnasáttmálans er að börn fái tækifæri til að þroskast þannig að þau verði upplýstir og ábyrgir einstaklingar. Sáttmálinn viðurkennir börn sem manneskjur og innbyrðis jafningja. Hann felur í sér ótvíræða viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi.

Réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum má greina í þrjú meginflokk, sem eru; vernd, umhyggja og þátttaka. Rétt barna til velferðar, þ.e. verndar og umönnunar, má telja óumdeildan, en réttur þeirra til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu er og hefur verið umdeildur. Barnasáttmálinn kallar hins vegar á ný viðhorf til barna og stöðu þeirra í samfélaginu, en skv. 12. gr sáttmálans eiga börn sem myndað geta eigin skoðanir rétt á að láta þær í ljós í öllum málum, sem þau varða, og stjórnvöldum ber að taka réttmætt tillit til skoðana barnanna í samræmi við aldur þeirra og þroska. Ástæða er til að undirstrika, að hér er um rétt barna að ræða en ekki skyldu. Skylda hvílir aftur á móti á stjórnvöldum að tryggja börnum raunveruleg tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku á þeirra eigin forsendum. Stjórnvöldum, þ.á m. sveitarstjórnnum og skólayfirvöldum, ber að hlusta á skoðanir barna og virða þær. Starfshættir stjórnsýslunnar þurfa því að breytast og taka tillit til þessa réttar barna skv. 12. gr. Barnasáttmálans. Réttar, sem nær til allra mála er varða börn á einn eða annan hátt, s.s. málefna skólans, æskulýðs- og tómstundamála, forvarna, skipulags og umhverfismála.

Þetta nýja viðhorf, sem fram kemur í Barnasáttmálanum, fer að vissu leyti í bága við hefðbundna afstöðu fullorðinna til barna. Sú afstaða hefur m.a. einkennst af því

að börn eigi að halda sig til hlés og láta lítið fyrir sér fara. Skilaboðin hafa gjarnan verið að þau eigi ekki að skipta sér af því sem þeim kemur ekki við eða hafa ekki vit á. Síðan er ætlast til þess að þau hafi fullmótaðar skoðanir á mönnum og málefnum þegar þau ná 18 ára aldri og öðlast kosningarétt og kjörgengi til sveitarstjórna og Alþingis. Það er staðreynd að mörgum fullorðnum reynist framandi eða jafnvel erfitt að viðurkenna þennan grundvallarrétt barna; rétt til að láta í ljós skoðun sína í öllum málum sem þau varða, að á þau beri að hlusta og síðast en ekki síst, að réttmætt tillit skuli tekið til skoðana þeirra miðað við aldur þeirra og þroska. Tregða fullorðinna til að viðurkenna og til að tryggja börnum þennan mikilvæga rétt liggur vafalaust að einhverju leyti í ástæðulausum ótta þeirra við að missa hluta eigin réttinda og sömuleiðis ákveðinni vantrú á getu barna. Barnasáttmálinn hafnar viðhorfum sem þessum og því þarf á markvissan hátt að vinna gegn þeim með það að leiðarljósi að börn öðlist viðurkenningu sem borgarar í samfélagi okkar með getu og hæfileika til virkrar þátttöku í lýðræðisstarfi.

Frá því að embætti umboðsmanns barna var stofnað á Íslandi árið 1995 hef ég í störfum mínum lagt mikla áherslu á að hlusta eftir röddum barnanna og þannig heyra frá fyrstu hendi það sem þeim liggur á hjarta. Í þessu skyni hefur ýmsum aðferðum verið beitt, og mun nokkrum þeirra lýst hér á eftir.

Heimsóknir í skóla og á aðra staði þar sem börn dvelja:

Ég ákvað strax í upphafi, árið 1995, að leggja áherslu á að hitta börnin sjálf, ræða við þau og heyra skoðanir þeirra á málefnum sem á þeim brunnu. Því lagði ég land undir fót og heimsótti þau í skólana, á vinnustaði þeirra, þar sem ég kynnti mér aðstæður þeirra, um leið og ég sagði þeim frá hlutverki mínu sem opinber talsmaður þeirra. Þá fræddi ég þau um réttindi þeirra skv. Barnasáttmálanum og sömuleiðis um helstu réttindi og skyldur barna yngri en 18 ára skv. íslenskum lögum. Þessar heimsóknir gáfust vel og ég fékk ýmislegt að heyra frá umbjóðendum mínum sem mér þótti athyglisvert. Margt af því hef ég síðan rætt á opinberum vettvangi, s.s. einelti, skólamáltíðir, skólaakstur o.fl.

Á þessum ferðum mínum um landið lagði ég einnig áherslu á að hitta hina pólitískt kjörnu fulltrúa sveitarfélaganna, sveitarstjórnarmenn, sem og formenn hinna ýmsu



nefnda, til að kynna þeim m.a. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hvetja þá til að að setja málefni barna og unglunga í forgang.

Sumarið 2001 heimsótti ég í fyrsta skipti með skipulögðum hætti leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur minn með heimsóknunum var fyrst og fremst sá að kynna mér aðstæður og aðbúnað barnanna, en einnig notaði ég tækifærið til að spjalla við litlu börnin. Ég valdi úr tiltekna leikskóla sem hafa sérstök yfirlýst markmið úr aðalnámskrá leikskóla, s.d. Waldorf-leikskóla, tónlistarleikskóla, heilsuleikskóla og umhverfsvænan leikskóla. Alls heimsótti ég átta leikskóla.

Einnig hef ég heimsótt aðra dvalarstaði barna og unglunga, þ.á m. félagsmiðstöðvar, sjúkrahús, fangelsi, meðferðarheimili fyrir börn í fíkniefnavanda og heimili fyrir fötluð börn.

Allar þessar heimsóknir hafa verið ákaflega gagnlegar, hver á sinn hátt. Víða er verið að vinna frábært starf með börnum í þágu velferðar þeirra, en á öðrum sviðum er útbóta þörf svo þau fái notið þeirra mannréttinda sem þau eiga rétt á. Í þeim tilvikum hef ég gripið til mismunandi aðferða á grundvelli laga um umboðsmann barna, til að ná fram rétti þeirra, m.a. beint rökstuddum tilmælum til ráðamanna og krafist úrbóta til handa þessum skjólstaðingum mínum, sbr. nánar fyrri skýrslur mínar til forsætisráðherra, 1995-2003, sem birtar eru á heimasíðu embættisins, www.barn.is

Málþing og ráðstefnur þar sem börn og unglingar eru í aðalhlutverki:

Á liðnum árum hef ég boðað til nokkurra málþinga um hagsmuna- og réttindamál barna og unglunga, og haldið þau víðsvegar um land. Undirbúningur og framkvæmd þeirra tók mið af því að börn og unglingar væru í aðalhlutverkum, og þau verið haldin á þeirra forsendum. Flest hafa málþingin verið almenns eðlis, þar sem börn og unglingar fluttu stutt erindi um þau mál sem þeim lágu á hjarta og síðan fengu þau tækifæri til að leggja spurningar fyrir pallborð þar sem fyrir svörum sátu ráðamenn í þjóðfélaginu, s.s. ráðherrar, þingmenn og sveitarstjórnarmenn. Erindi barnanna hafa verið gefin út í skýrslu sem ber nafnið „Ungir hafa orðið...“.

Þá hef ég einnig staðið fyrir ráðstefnum og málþingum um afmörkuð málefni og má

þar t.d. nefna ráðstefnu um einelti sem bar yfirskriftina: „Börn vilja ræða um einelti ... við fullorðna“, opinn fund um atvinnuþátttöku barna og ungmenna og málþing um lýðræði. Yfirskrift málþingsins um lýðræði var *Skundum á þingvöll ... málþing um börn, unglunga og lýðræði*. Framkvæmd þessara samkoma hefur einnig miðast við að börnin séu í aðalhlutverkum og málin því rædd út frá sjónarhorni þeirra. Að sjálfsögðu hafa fullorðnir einnig tekið þátt og lagt hönd á plóg, enda mikilvægt að fullorðnir og börn ræði málin saman til að finna viðunandi lausn í hinum ýmsum málum. Sjónarhornið er hins vegar nýtt, þ.e. lögð hefur verið áhersla á að horfa á málin út frá sjónarhorni barna og unglunga, en ekki hinna fullorðna.

NetÞing umboðsmanns barna:

Veturinn 1999-2000 og aftur haustið 2001 stóð ég fyrir verkefni, sem nefnt var *NetÞing – unglingaþing umboðsmanns barna á Netinu*. Embættið fékk styrk frá Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið til að halda bæði NetÞingin. Markmið þessa verkefnis var fyrst og fremst að gefa fulltrúum yngri kynslóðarinnar færi á, með nýjustu tækni, að ræða saman sín á milli, á lýðræðislegan hátt, um málefni sem þau snerta, og koma skoðunum sínum á framfæri við þá sem valdið hafa í þjóðfélaginu. Þingfulltrúar voru, eins og á Alþingi Íslendinga, 63 að tölu á hvoru þingi. Á því fyrri voru þeir á aldrinum 12-15 ára, en á því síðara 16-18 ára. Þingfulltrúarnir skipuðu sér í nokkrar nefndir, sem hver fjallaði um eitthvert málefni ungs fólks undir tiltekinni yfirskrift. Reglulegir þingfundir voru haldnir á Netinu, á lokaðri spjallrás, en lokafundir voru síðan haldnir í heyranda hljóði, á höfuðborgarsvæðinu; sá fyrri í Ráðhúsi Reykjavíkur og hinn síðari í Salnum í Kópavogi. Á lokafundunum hittust þingfulltrúar í fyrsta sinn, augliti til auglitis, til að fara yfir starfshætti þingsins, ræða tillögur þess og ganga frá þeim. Helstu niðurstöður og tillögur fyrri NetÞingsins voru afhentar forseta Alþingis, en þess síðara menntamálaráðherra.

NetÞingin vöktu bæði mikla athygli, hér á landi sem erlendis. Skýrslur með niðurstöðum þeirra voru gefnar út og þar eð ég hef alltaf talið það ákaflega mikilvægt að unga fólkið fái fullvissu um að hlustað sé á skoðanir þess – að skoðanir þess skipti máli – fór ég vandlega yfir ályktanirnar og ákvað að koma þeim á framfæri víða. Í þessu skyni hélt ég fjölda funda með ýmsum aðilum, m.a. starfsmönnum ráðuneyta,

Tilvitnanir í börn og unglunga

Það má ekki gleyma að við erum „fullorðnafólk“ framtíðarinnar.
16 ára strákur

Mér finnst stjórnmalamenn oft ekki hlusta á börn eins og svo margir fullorðnir.
14 ára stelpa

Stjórnmalamenn eru alltaf að setja einhver ný lög og/eða reglur sem eru hentugar þeim fullorðnu en ekkert nema slæm fyrir okkur. Eins og t.d. lenging skólaársins. Hvað voru þeir að hugsa?
14 ára strákur

[Það] er mjög ánægjulegt að finna það að hlustað er á mig og að skoðanir mínar skipta máli ekki síður en skoðanir þeirra fullorðnu.
15 ára strákur

Leyfið okkur að vera með í að taka ákvarðanir sem varða okkur sjálf og þá verður vonandi hægt að komast að niðurstöðu sem allir sætta sig við.
15 ára strákur

lögreglunni, skólastjórnendum og ýmsum fleiri. Þá var skýrslunum komið mjög víða á framfæri út um allt land. Ályktanir NetÞinganna hlutu því mikla umfjöllun og nýttust mörgum í starfi þeirra í þágu barna og unglunga á Íslandi. Skýrsla um NetÞingið 2001 var einnig gefin út á ensku og hef ég kynnt hana á fundum mínum erlendis. Þá er hægt að lesa hana á heimasíðu embættisins, www.barn.is.

Í athugasemdum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um aðra skýrslu íslensku ríkisstjórnarinnar um framkvæmd Barnasáttmálans hér á landi, fór nefndin lofsamlegum orðum um NetÞingin og mæltist til þess að ríkisstjórnin styddi við verkefnið, m.a. með því að tryggja fjármagn til að halda slík unglingsþing reglulega. Af því hefur þó ekki orðið.

Kannanir á högum og viðhorfum barna og unglunga:

Á vegum embættisins hafa verið framkvæmdar tvær kannanir á viðhorfum barna og unglunga til ákveðinna málefna.

Fyrri könnunin fjallaði um viðhorf unglunga til vinnuskólans, sem rekinn er af mörgum sveitarfélögum í sumarfríi grunnskólanemenda. Unglingarnir voru spurðir spurninga og beðnir um að gefa álit sitt á ýmsu varðandi starfsemi vinnuskólans. Gefin var út skýrsla með niðurstöðum könnunarinnar sem ber heitið: „Meira sólskin – fleiri pizzur“. Skýrslan hlaut mikla umfjöllun og eftirtekt innan vinnuskólanna og meðal stjórnenda þeirra. Hin síðari var könnun á starfsháttum nemendaráða grunnskóla og ber heitið: „Að mega lýsa og koma á framfæri skoðunum sínum við fullorðna“.

Báðar þessar skýrslur leiddu til aðgerða af minni hálfu og má nefna að í framhaldi af niðurstöðum þeirrar síðarnefndu hóf ég afskipti af málefnum nemendafélaga grunnskóla, nemendaráðunum. Í nágildandi grunnskólalögum segir að nemendum grunnskóla sé heimilt að stofna nemendaráð sem vinni m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Ég hef lagt til, m.a. í ljósi áður nefndrar könnunar, að skylt verði að stofna nemendaráð í grunnskólum jafnt meðal yngri sem eldri nemenda, þar eð ég tel mikilvægt að gera nemendaráðin að öflugri málsvara nemenda innan skólans, en einnig innan sveitarfélagsins. Ég hef þegar lagt til nokkrar breytingar á nágildandi grunnskólalögum, m.a. um þetta. Von mín er sú að slíkt ákvæði verði tekið upp í endurskoðuðum grunnskólalögum.



Tillögur í bréfi, dags. 29.1. 2004, til menntamálaráðherra:

4. mgr. 13. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að *fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra eigi rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt*. Til að nemendur geti haft raunveruleg áhrif á skólastarf, almennt séð, verða raddir þeirra að heyrast og gefa verður fulltrúum þeirra tækifæri til að koma skoðunum nemenda á framfæri við þá aðila sem hafa með höndum stjórn, skipulag og starfshætti grunnskóla.

Tillaga mín er sú, að 4. mgr. 13. gr. laga um grunnskóla verði breytt á þann veg að fulltrúar grunnskólanemenda eigi rétt til setu á fundum skólanefndar, með málfrelsi og tillögurétt, á sama hátt og fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra.

17. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995

Í 2. gr. laga um grunnskóla segir m.a. að grunnskólinn eigi að búa nemendur undir líf og starf í *lýðræðisþjóðfélagi* sem er í sífellndri þróun. Starfshættir skólans skuli því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og *lýðræðislegu samstarfi*. Í 17. gr. sömu laga er fjallað um *heimild nemenda til að stofna nemendaráð, sem vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra*.

Tillaga mín er sú að 17. gr. laga um grunnskóla verði breytt á þann veg að skylt verði að setja á laggirnar lýðræðislega kjörið nemendaráð í hverjum grunnskóla. Ennfremur verði mælt fyrir um það í ákvæðinu að skólastjórar hafi samráð við nemendur þegar valinn er kennari/starfsmaður til að vinna með ráðinu og settar verði í reglugerð samræmdar starfsreglur fyrir nemendaráð grunnskóla.

Þó að sumir líti á alla unglunga sem hugmynda- og menningarsnaða letingja er það langt í frá að það sé svo.
15 ára strákur

Við erum vaxandi kynslóð þessa lands og munum stjórna því einhvern tíma.
13 ára stelpa

Hlustið á okkur og sýnið okkur áhuga. Það gæti verið eitthvað vit í því, sem við höfum að segja.
13 ára stelpa

Ráðgjafarbekkir:

Á árinu 2002 ákvað ég að leita nýrra leiða til að frá fram skoðanir og sjónarmið minna ungu umbjóðenda, hinna eiginlegu sérfræðinga í málefnum barna og unglunga. Ég setti því í gang tilraunaverkefnið *Ráðgjafarbekkir umboðsmanns barna*. Í verkefninu tóku þátt 18 bekkir í jafnmörgum grunnskólum um allt land. Ráðgjafarnir voru samtals 322 nemendur á aldrinum 10-12 ára. Lagðar voru fyrir þá þrjár spurningakannanir; varðandi aðbúnað í skólanum, um líðan þeirra að skóladegi loknum og um streitu í hinu daglega lífi. Niðurstöður kannananna voru gefnar út í skýrslum, bæði fyrir fullorðna og börnin sjálf, og kynnti ég þær víða. Þar eð niðurstöður könnunarinnar um streitu gáfu vísbendingar um að börn og unglingar á Íslandi lifi streitufullu lífi, hef ég hvatt menntamálaráðherra til þess að beita sér fyrir sérstakri rannsókn á streitu, orsökum hennar og afleiðingum hjá börnum og unglungum. Ráðherrann ákvað í framhaldi af þessu að kanna áhuga félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis á því að þau ráðuneyti, ásamt menntamálaráðuneytinu, standi sameiginlega að rannsókn á streitu í lífi barna og unglunga. Bind ég miklar vonir við að slík rannsókn verði framkvæmd og hún varpi ljósi á raunverulegar aðstæður barna og unglunga í íslensku nútímasamfélagi.

Heimasíða umboðsmanns barna – www.barn.is:

Með árunum hefur orðið æ algengara að börn og unglingar hafi samband við skrifstofuna í gegnum heimasíðuna. Hún hefur verið uppfærð reglulega með það fyrir augum að ná enn betur til barna og unglunga og auðvelda aðgengi þeirra að upplýsingum um embættið og réttindi barna almennt. Frá því heimasíðan var formlega opnuð í byrjun árs 1998 hefur hún verið mikilvægur vettvangur fyrir börn og unglunga til að komast í samband við mig, umboðsmann þeirra, og jafnframt hefur heimasíðan gert mér mögulegt að koma ýmsum upplýsingum á framfæri við umbjóðendur mína, sem og aðra áhugasama um málefni barna og unglunga.

Á heimasíðunni hefur verið boðið upp á ýmsa möguleika fyrir börn til að láta í ljós skoðanir sínar. Má þar nefna: *Spurningu mánaðarins*, en þar eru þau spurð um ýmislegt sem varðar þeirra daglega líf; í skólanum, á heimilinu, í fríundum o.s.frv. Ný spurning birtist mánaðarlega, sem ætlað er að gera heimasíðuna meira spennandi og



felur í sér hvatningu til barna um að kíkja á hana reglulega. *Skoðanakönnun* er ætíð í gangi og þar hefur gjarnan verið leitað eftir afstöðu barna til málefna líðandi stundar sem umræða er um úti í þjóðfélaginu. *Spurt og svarað!* Fjöldi bréfa berst frá börnum og unglungum um fjölbreytileg efni. Efni bréfanna er hægt að lesa undir þessum lið heimasíðunnar, svo og svör umboðsmanns barna við þeim. Það er grundvallarregla að aldrei eru birt nöfn þeirra sem skrifa, einungis kyn og aldur. Samþykki þeirra þarf að liggja fyrir til að fyrirspurnir þeirra birtist á heimasíðunni, að öðrum kosti er þeim svarað persónulega á tiltekið netfang, sé þess óskað. Ýmsar aðrar upplýsingar er að finna á heimasíðunni og má nefna *Vegvísinn* sem geymir mikið magn af alls kyns fróðleik fyrir börn – og ekki síður fullorðna.

12. gr. Barnasáttmálans – samstarf við ELSA:

Þær aðgerðir sem fjallað er um hér að ofan hafa allar tekið mið af því að auka áhrif umbjóðenda á starf mitt sem opinber talsmaður þeirra. Frá upphafi hef ég lagt ríka áherslu á að 12. gr. Barnasáttmálans væri framfylgt hér á landi og reynt á ýmsa vegu að þrýsta á um úrbætur í þeim efnum, börnum og unglungum til handa; sérstaklega innan skólanna, en einnig á vettvangi sveitarstjórna. Árið 2000 óskuðu nokkrir fulltrúar í mannréttindahópi **ELSA** (European Law Students' Association), sem eru laganemar við Háskóla Íslands, eftir samstarfi við embætti mitt. Þetta samstarf leiddi til útgáfu á kynningarbæklingi um 12. gr. Barnasáttmálans. Í þessum bæklingi er m.a. fjallað um lýðræði fyrir alla, og leiðir til að tryggja rétt barna til að hafa, með skipulegum hætti, áhrif á ákvarðanir sem þau varða, ekki síst í þeirra nánasta umhverfi. Bæklingurinn kom út í september 2002 og ber heitið: *Þau sem erfa munu landið ... ná ekki eyrum okkar!* Bæklingurinn var m.a. sendur öllum sveitarstjórnnum landsins til að minna þær á þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar Íslendinga, þ.á m. ákvæði 12. gr. Sáttmálans.

Samstarf hélt áfram við laganema við Háskóla Íslands árið 2003, þegar nýir fulltrúar úr framangreindum ELSA-mannréttindahópi buðu fram krafta sína. Áfram var haldið að vinna með 12. gr. Barnasáttmálans og nú var stefnan tekin á sameiginlegt málþing sem bar yfirskriftina: *Skundum á Þingvöll ... málþing um börn, unglunga og lýðræði*. Mér er kunnugt um að í kjölfar þessa málþings voru sett á laggirnar ungmennaráð í nokkrum sveitarfélögum. Það sem mér finnst þó vera ánægjulegast í þessu sambandi

er að umræðan um virka þátttöku barna í lýðræðinu er komin í gang hér á landi svo ekki verður um villst.

Í kjölfar þessa málþings sá ég ástæðu til að leggja formlega til við félagsmálaráðherra að inn í nágildandi sveitarstjórnarlög komi nýtt ákvæði sem mæli fyrir um skyldur sveitarstjórna til samráðs við börn yngri en 18 ára. Hvernig þessu samráði skuli háttað verði að vera samkomulagsatriði sveitarstjórnar og hinna ungu íbúa. Með því að setja ákvæði sem þetta í lög tel ég að réttur barna til áhrifa á þau málefni sveitarfélagsins sem varða þeirra nánasta umhverfi verði best tryggður.

Ég álit því nauðsynlegt að sett verði inn í sveitarstjórnarlög nýtt ákvæði, sem mæli fyrir um formlegan samráðsvettvang milli barna og sveitarstjórna. Hvernig samráðinu er síðan nákvæmlega háttað verður að vera samkomulagsatriði milli barnanna og stjórnenda sveitarfélagsins í hverju tilviki fyrir sig. Ekki er hægt að benda á eina altæka leið sem nýtist öllum, enda væri það gagnstætt þeim hugmyndum sem þátttökulýðræðið byggir á; að stýra því að ofan hvernig þátttakan ætti að fara fram í smáatriðum.

Einelti á Netinu – samstarf við unglunga í anda 12. gr. Barnasáttmálans

Snemma á árinu 2004 hafði ég samband við þrjár stúlkur á lokaári grunnskóla og óskaði eftir samstarfi við þær um gerð samskipta- og siðareglna á Netinu. Stúlkurnar tóku þessu fagnandi og tóku saman leiðbeiningarreglur um góða samskiptahætti unglunga, m.a. á spjallrásum Netsins. Þær hönnuðu einnig veggspjald þar sem samskiptareglurnar birtast. Veggspjaldið var sent til allra skóla landsins haustið 2004. Þessar ungu stúlkur unnu verk sitt af mikilli kostgæfni og vonandi ná þeirra vísu orð „að hugsa sig tvisvar um áður en niðrandi ummæli um einhvern annan eru skrifuð á Netid“ til unga fólksins.

Nemendaráð við grunnskóla:

Á Íslandi er ekki skylt lögum samkvæmt að stofna nemendaráð innan grunnskóla heldur hafa löginn aðeins að geyma *heimild* til slíks. Þetta tel ég ekki vera í samræmi við margnefnda 12. gr. Barnasáttmálans og hef því hvatt menntamálaráðherra til að beita sér fyrir breytingu á grunnskólalögum á þann veg að skylt verði að setja á laggirnar lýðræðislega kjörið nemendaráð í hverjum grunnskóla, jafnt meðal yngri sem eldri nemenda. Þá hef ég einnig gert það að tillögu minni að grunnskólalögum verði breytt þannig að fulltrúar nemenda öðlist rétt til setu á fundum skólanefndar sveitarfélagsins, með málfrelsi og tillögurétt, á sama hátt og fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra. Nú stendur yfir endurskoðun á grunnskólalögum og hef ég góðar vonir um að endurbætt lög tryggi betur rétt nemenda í samræmi við 1. mgr. 12. gr. Barnasáttmálans.



KAFLI 10

Umsagnir til Alþingis

Á fyrstu 10 starfsárum embættisins hef ég veitt fjöldann allan af umsögnum til Alþingis um frumvörp til laga og tillögur til þingsályktana. Ég hef einnig mætt á fundi nefnda Alþingis til að ræða einstök mál og til að fylgja eftir umsögnum mínum. Þá hef ég komið að samningu ýmissa lagafrumvarpa á fyrri stigum, þ.á m. frumvarpi til barnalaga og frumvarpi til barnaverndarlaga.

Í gegnum tíðina hafa borist mun fleiri beiðnir um umsagnir frá Alþingi en gefist hefur tækifæri til að verða við vegna vinnuálags og manneklu embættisins. Stefnan hefur frá upphafi verið sú að veita fyrst og fremst umsagnir um þau mál sem beinlínis varða rétt, hagsmuni og þarfir umbjóðenda umboðsmanns barna.

1995

- *Frumvarp til laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.*
- *Frumvarp til laga um tæknifrjógungun.*
- *Frumvarp til laga um réttarstöðu kjörbarna og foreldra þeirra.*

1996

- *Frumvarp til mannanafnalaga.*
- *Frumvarp til almennra hegningarlaga, barnaklám.*
- *Frumvarp til lögræðis laga, sjálfræðisaldur.*

1997

- *Frumvarp til laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldismyndum.*
- *Frumvarp til laga um réttindi sjúklunga.*
- *Tillaga til þingsályktunar um öryggismiðstöð barna.*
- *Frumvarp til laga um umboðsmann barna, ársskýrsla.*
- *Frumvarp til lögræðis laga.*

1998

- *Tillaga til þingsályktunar um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna.*
- *Tillaga til þingsályktunar um stefnumótun í málefnum langsjúkra barna.*
- *Frumvarp til almennra hegningarlaga, kynferðisbrot gegn börnum.*

- *Frumvarp til laga um grunnskóla, fulltrúar nemenda.*
- *Frumvarp til laga um staðfesta samvist, ættleiðing.*
- *Tillaga til þingsályktunar um réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína.*
- *Frumvarp til laga um almenn hegningarlög, fyrning sakar.*
- *Tillaga til þingsályktunar um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og persónuvernd.*
- *Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun.*
- *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt.*

1999

- *Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála.*
- *Frumvarp til skaðabótalaga.*
- *Frumvarp til útvarpslaga.*
- *Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á ofbeldi gegn börnum.*
- *Tillaga til þingsályktunar um bættu réttarstöðu barna.*
- *Frumvarp til laga um ættleiðingar.*
- *Frumvarp til laga um greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, skilyrði bótagreiðslu.*
- *Tillaga til þingsályktunar um aðild að Haag-samningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa.*

2000

- *Tillaga til þingsályktunar um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglunga.*
- *Tillaga til þingsályktunar um hvíldarheimili fyrir geðsjúk börn.*

2001

- *Frumvarp til barnalaga, ráðgjöf í umgengnis- og forsjármálum.*
- *Frumvörp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og réttindagæslu fatlaðra.*
- *Tillaga til þingsályktunar um heilbrigðisáætlun til ársins 2010.*
- *Frumvarp til barnaverndarlaga.*
- *Tillaga til þingsályktunar um ofbeldisdýrkun og framboð ofbeldisefnis.*
- *Frumvarp til laga um almenn hegningarlög, kynferðisbrot gegn börnum.*

2002

- Tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs.
- Tillaga til þingsályktunar um heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana.
- Tillaga til þingsályktunar um unglíngamóttöku og getnaðarvarnir.
- Frumvarp til barnalaga.

2003

- Frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
- Frumvarp til laga um almenn hegningarlög, kynferðisbrot gegn börnum og mansal.
- Tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs.
- Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög.
- Tillaga til þingsályktunar um tannvernd barna og unglínga.
- Tillaga til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks.

2004

- Frumvarp til umferðarlaga, öryggi barna.
- Frumvarp til almennra hegningarlaga, barnaklám á neti og í tölvupósti.
- Tillaga til þingsályktunar um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna.
- Frumvarp til laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.
- Frumvarp til laga um umboðsmann barna, ársskýrsla.
- Frumvarp til almennra hegningarlaga.
- Frumvarp til laga um bann við umskurði kvenna.

LOKAORÐ frá umboðsmanni barna

Þetta ár hefur verið viðburðaríkt eins og reyndar öll þau ár sem ég hef gegnt embætti fyrsta umboðsmanns barna hér á landi. Nú er hins vegar komið að tímamótum. Um næstu áramót lýkur seinna skipunartímabili mínu og við tekur nýr umboðsmaður barna.

Ég fékk það hlutverk 1. janúar 1995 að móta og byggja upp embætti umboðsmanns barna sem stofnað var með lögum nr. 83/1994. Oft hef ég haft á orði að sem brautryðjandi í þessu embætti hafi ég notið ákveðinna forréttinda við uppbyggingu þess, þar sem ég hef getað mótað starfseminu alfarið eftir mínu höfði. Það er þó ekki alls kostar rétt því auðvitað hafa fjárlög sett henni sínar skorður. Þrátt fyrir að ég hafi sinnt þessu starfi af lífi og sál síðastliðin tíu ár hefur mér ekki tekist að koma öllu í það horf sem ég vildi. Það rætast heldur ekki allir draumar. Þegar ég lít yfir farinn veg sé ég hins vegar að talsvert víða hefur verið komið við á þessum tíu árum og steinum velt. Oft hefur verið þungt undir fæti og á brattann að sækja, en svo hefur líka mörgum ánægjulegum áföngum verið náð og það er mikilsverðast, enda er málstaðurinn góður.

Á liðnum árum hef ég komist í kynni við ógrynni af fólki, jafnt fullorðna sem börn. Ég hef kallað til samstarfs fjölda fólks, sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum, og jafnframt átt ánægjulega samvinnu við fulltrúa stofnana og samtaka sem vinna að málefnum barna hér á landi.

Börnin hafa þó verið mér kærast. Ég hef kynnst bjartsýni þeirra, áræði og framtakssemi, en einnig vanmætti þeirra, áhyggjum og depurð. Þannig hef ég fengið tækifæri til að taka þátt í gleði umbjóðenda minna og sorgum. Um leið hef ég kynnst innviðum íslensks þjóðfélags frá sjónarhorni þeirra. Allt hefur þetta verið dýrmæt lífsreynsla sem ég mun búa að þótt ég láti nú af störfum sem umboðsmaður barna.

Að lokum vil ég þakka öllu því góða fólki sem starfað hefur hér á skrifstofunni á umliðnum árum – án þess hefði ég ekki áorkað því sem áunnist hefur. Núverandi starfsmönnum embættisins, þeim Ástu Sólveigu og Auði Kristínu, óska ég velfarnaðar í áframhaldandi störfum og býð um leið nýjan umboðsmann barna velkominn til starfa.

Reykjavík, 14. desember 2004



Þórhildur Línal

